



Félag löggiltra endurskoðenda

Alþingi
Erindi nr. p 131/1056
komudagur 11.3.2005

Reykjavík 3. mars 2005
Tilv. FLE 2-2005

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
c/o Stefán Árni Auðólfsson, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Málefni: Frumvarp til laga um ársreikninga, 480. mál, EES-reglur, reikningsskilastaðlar.

Með bréfi dags. 9. febrúar sl. óskaði Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis Íslands eftir umsögn Félags löggiltra endurskoðenda (FLE) um ofangreint málefni.

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til álitsnefndar FLE. Á fundi sínum í dag tók álitsnefndin málið til umfjöllunar og fylgir greinargerð nefndarinnar með bréfi þessu.

Stjórn FLE er fyrir sitt leyti sammála niðurstöðu álitsnefndar.

Virðingarfyllst,
Félag löggiltra endurskoðenda

Sigurður B. Arnþórsson
formaður

Álitsnefnd Félags löggiltra endurskoðenda

Reykjavík, 3. mars 2005

Stjórn Félags löggiltra endurskoðenda
Sigurður B. Arnþórsson, formaður
Suðurlandsbraut 6
108 Reykjavík

Málefni: Frumvarp til laga um ársreikninga, 480. mál, EES-reglur,
reikningsskilastaðlar.

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til álitsnefndar FLE.

Að fenginni umsögn reikningsskilanefndar FLE tók álitsnefnd málið fyrir á fundi sínum í dag.

Umsögn reikningsskilanefndar FLE fylgir hjálagt.

Álitsnefnd er sammála umsögn reikningsskilanefnda FLE.

Virðingarfyllt

ÁLITSNEFND FÉLAGS LÖGGILTRA ENDURSKOÐENDA



Reikningsskilanefnd Félags löggiltra endurskoðenda

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 144/1944, um ársreikninga, með síðari breytingum.

Umfjöllun og athugasemdir reikningsskilanefndar FLE

Reikningsskilanefnd FLE hefur fengið ósk um að fjalla um ofanskráð frumvarp. Hér á eftir fara athugasemdir sem nefndin hefur við einstakar greinar frumvarpsins.

2. gr.

Reikningsskilanefnd telur að rétt væri að skilgreina í þessari grein merkingu orðasambandsins “settar reikningsskilareglur”, en víða er þetta orðasamband notað í frumvarpinu án frekari útskýringar. Nefndin leggur einnig til, sbr. breytingartillögu skv. 22. gr., að orðið gangvirði sé jafnframt skilgreint í þessari grein.

3. gr.

Nefndin leggur til að við bætist nýr málslíður í 3. mgr., svohljóðandi:

Þeim félögum sem semja samstæðureikning er heimilt að leggja eingöngu fram samstæðureikning í stað ársreiknings..

13. gr.

Á undan 1. mgr. bætist eftirfarandi við greinina:

Flokkun eigna- og skuldaliða í efnahagsreikningi skal vera eftirfarandi, þó að teknu tilliti til ítarlegri flokkunar samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum eftir því sem við á:

Rökin fyrir þessari breytingartillögu eru að í sumum tilvikum eru ákvæði í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum ítarlegri en málsgreinin segir til um, sem gæti leitt til ósamræmis í reikningsskilagerð samkvæmt lögunum og reikningsskilastöðlum. Þetta varðar t.d. birgðir til fleiri en eins árs og viðskiptakröfur sem greiðast eftir eitt ár, en þrátt fyrir það á að flokka þessa liði sem veltufjármuni samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum.

14. gr.

1. mgr. 15. greinar laganna orðist svo, breytingartillaga er feitletruð:

Félög sem falla undir 2. tölul. 1. mgr. 1.gr. skulu **að uppfylltum skilyrðum settra reikningsskilareglna** telja til eignar þróunarkostnað og óefnisleg réttindi, svo sem einkaleyfi, einkarétt, vörumerki og þess háttar réttindi, ef þeirra er aflað gegn greiðslu. Ef þessir liðir nema verulegum fjárhæðum skulu þeir sýndir sérstaklega.

Lagt er til að 2. mgr. falli niður

Tillagan felur í sér að gera skuli sambærilegar kröfur um skilyrði til eignfærslu þróunarkostnaðar og óefnislegra réttinda í lögunum og fram koma í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum. Einnig leggur nefndin til að félög sem falla undir 3. og 4. tölul. 1. mgr. 1. gr. verði ekki undanþegin skyldum skv. 1. mgr. þessarar greinar, enda myndi það leiða til ósamræmis í reikningsskilum félaga hér á landi.

15. gr.

Lagt er til að þessi grein verði felld niður, þar sem færsla á tillögu stjórnar um arð til skuldar er andstæð viðteknum venjum og alþjóðlegum reikningsskilastöðlum.

17. gr.

Lagt er til að við 2. málslíð greinarinnar bætist **ef um verulegar fjárhæðir er að ræða.**

18. gr.

Lagt er til að málgreinin orðist þannig:

Eigin hlutir skulu færðir til lækkunar á heildarhlutafé.

Önnur ákvæði greinarinnar falli niður, enda þau ekki í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla.

20. gr.

e. (21. gr. C.)

Lagt er til að greinin orðist þannig, sbr. tillögu til breytinga á 14. gr.:

Kostnaður sem eignfærður er vegna óefnislegra réttinda eða þróunar skal afskrifaður með kerfisbundnum hætti á áætluðum nýtingartíma viðkomandi eigna, þó ekki lengri tíma en

20 árum. Ef þessar eignir hafa ekki ákveðinn líftíma skulu þær ekki afskrifast heldur metnar árlega í samræmi við settar reikningsskilareglur.

2. mgr. falli niður, enda ekki talin þörf á sérstökum skýringum að þessu leyti með tilvísun til ákvæða í 1. mgr.

i. (22. gr.) Sjóðstreymi.

Lagt er til að í stað orðsins fjármögnunarstarfsemi í 2. mgr. sé notað orðið fjármögnunarhreyfingar, þ.e. að orðið hreyfingar sé notað í stað starfsemi í þessu sambandi. Sama á einnig við um rekstrar- og fjárfestingarstarfsemi.

22. gr.

Lagt er til að í stað orðsins markaðsverð í 1. og 2. mgr. sé notað orðið gangvirði, sem nefndin telur að hafi víðtækari merkingu en orðið markaðsverð. Nefndin leggur einnig til að orðið gangvirði sé nánar skilgreint í 2. grein frumvarpsins.

23. gr.

Málgreinin orðist svo, sbr. tillögu til breytinga á 22. gr.:

Ef gangvirði fastafjármuna, annarra en þeirra sem um ræðir í 29. gr. og 29. gr. C, er talið verulega hærra en bókfært verð þeirra af ástæðum sem taldar eru varanlegar er heimilt að hækka bókfært verð þeirra í ársreikningi.

33. gr.

a. (35. gr. A.)

Ákvæði um endurmat viðskiptavildar skv. 2 mgr. eru ekki lengur viðeigandi.

36. gr.

Reikningsskilanefndin telur eðlilegt að fram komi í skýringum upplýsingar um gangvirði þeirra fjármálagerna sem ekki eru færðir til gangvirðis í ársreikningum, sbr. líka greinargerð með frumvarpinu sem lagt var fram um þetta á síðasta ári.

51. gr.

g. (56. gr. L)

Í 2. mgr. eru ákvæði sem heimila Ársreikningaskrá og Fjármálaeftirliti að krefjast allra þeirra upplýsinga og gagna sem nauðsynleg eru til að framkvæma eftirlit með beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla, þ.m.t. vinnuskjöl endurskoðenda félaganna.

Nefndin telur óeðlilegt að vísa sérstaklega til vinnuskjala endurskoðenda, enda sjá starfsmenn viðkomandi félaga í æ ríkari mæli um að semja reikningsskil þeirra. Ítarleg vinnuskjöl er því ekki síður að finna hjá félögunum sjálfum en í vinnuskjöllum endurskoðenda. Lagt er til að í stað orðalagsins vinnuskjöl endurskoðenda félaganna komi **vinnuskjöl sem varða reikningsskilin og nauðsynleg eru við framkvæmd eftirlitsins.**

Nefndin vill jafnframt koma á framfæri ábendingu um að óhagkvæmt geti verið að framkvæma eftirlit með beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaða af tveimur aðskildum eftirlitsaðilum í stað eins, vegna þess hversu sérhæf störf um er að ræða.

59. gr.

Lagt er til að í 1. tl. 1. mgr. verði felld niður í lok tölulíðsins orðin **við endurskoðunina**. Tölulíðurinn orðist því þannig: inngang, þar sem fram kemur hvaða ársreikning er verið að endurskoða og hvaða reikningsskilareglum hefur verið beitt við samningu ársreikningsins.

Rökin fyrir þessari tillögu eru að hlutverk endurskoðenda er að endurskoða en ekki semja ársreikninga, sem er hlutverk stjórnenda félags, þó endurskoðendur veiti í mörgum tilvikum faglega aðstoð við gerð ársreikninga, en eins og þetta er fram sett í frumvarpinu gera höfundar þess ráð fyrir að það sé hlutverk endurskoðenda að semja ársreikninga.

Reykjavík 9. mars 2005.

Reikningsskilanefnd Félags löggiltra endurskoðenda

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Alþingi
Erindi nr. P 131/1020
komudagur 8.3.2005

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd,
Nefndarritari, Stefán Árni Auðólfsson
v/ Austurvöll
150 REYKJAVÍK

7. mars 2005
Tilvísun: 2005020029

Umsögn um frumvarp til laga um ársreikninga, 480. mál, EES-reglur, reikningsskilastaðlar.

Visað er til bréfs Efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 10. febrúar 2005, þar sem Fjármálaeftirlitinu er gefinn kostur á að veita umsögn um frumvarp til laga um ársreikninga, 480. mál, EES reglur, reikningsskilastaðlar. nr. 144/1994, þar sem innleidd er ESB reglugerð nr. 1606/2002, um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla.

Fjármálaeftirlitið átti sæti í samráðshópi sem starfaði í tengslum við nefnd um innleiðingu ESB reglugerðar nr. 1606/2002. Í gegnum þátttöku sína í samráðshópnum gafst Fjármálaeftirlitinu tækifæri til að koma að fyrstu viðbrögðum við frumvarpsdrög áður en það var lagt fram á vorþingi.

Einnig kom Fjármálaeftirlitið á framfæri umsögn um breytingu á frumvarpi til laga um breytingu á lögum um ársreikninga, nr. 144/1994, þar sem innleidd er ESB reglugerð nr. 1606/2002, um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla til Fjármálaráðuneytis þann 10. ágúst 2004 samkvæmt beiðni þar að lútandi dagsett 16. júní 2004.

Varðandi mál nr. 480 sem nú liggur fyrir Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis vill Fjármálaeftirlitið koma eftirfarandi á framfæri.

Fyrirkomulag eftirlits

Samkvæmt 1. mgr. g-liðar 51. gr. (56. gr. L.) frumvarpsins er gert ráð fyrir að eftirlit með beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla verði falið ársreikningaskrá annars vegar og Fjármálaeftirlitinu hins vegar og að verkaskiptingin milli stofnananna verði þannig að Fjármálaeftirlitið hafi eftirlitið með þeim félögum, sem heyra undir eftirlit þess og beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum en ársreikningaskrá hafi eftirlit með öðrum félögum sem beita stöðlunum.

Að mati Fjármálaeftirlitsins liggur ekki fyrir hvernig tryggð verði einsleitni í eftirliti með beitingu reikningsskilastaðla. Þannig er litið fjallað um það hvernig búið verði að ársreikningaskrá og hvernig samstarf hennar og Fjármálaeftirlitsins geti tryggt framangreinda einsleitni. Verði þessi leið, varðandi fyrirkomulag eftirlits, fyrir valinu er nauðsynlegt að kveða nánar á um slíkt samstarf en gert er í 3. mgr. g-liðar 51. gr. frumvarpsins, t.d. að því er varðar þagnarskyldu. Ekki er heldur fjallað um það hvernig tryggt verði að þessir tveir aðilar hafi á svipuðum heimildum að byggja, sbr. ennfremur umfjöllun um viðurlög og málsmeðferð hér á eftir.

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Það er því mat Fjármálaeftirlitsins að rökstyðja þurfi betur framangreint fyrirkomulag. Fjármálaeftirlitið hefur á fyrri stigum málsins bent á nauðsyn þess að fram færi ítarleg greining á kostum og göllum mismunandi valkosta í tilhögun þessa eftirlits.

Í athugasemdum frumvarpsins með umræddri frumvarpsgrein er tekið fram að með þessu fyrirkomulagi sé komið í veg fyrir skörun á milli Fjármálaeftirlits og ársreikningaskrár. Þrátt fyrir það vill Fjármálaeftirlitið vekja athygli á að ýmis verkefni þess skarast áfram við verkefni sem tengjast reikningsskilum annarra félaga en þeirra sem heyra almennt undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins. Má í því sambandi nefna eftirfarandi þætti:

- Eftirlit Fjármálaeftirlitsins með útgefendum skráðra verðbréfa sem ekki hafa starfsleyfi til fjármálastarfsemi tengist einnig reikningsskilum þeirra. Þannig starfrækir Fjármálaeftirlitið markaðsvakt og hefur eftirlit með því að lögum og reglum um meðferð innherjaupplýsinga sé fylgt. Framsetning og upplýsingagjöf í ársreikningum og árshlutauppgjörum varða oft miklu í athugun slíkra mála. Að sama skapi getur þekking á reikningsskilum nýst í öðru eftirliti á verðbréfamarkaði.
- Samkvæmt nýrri tilskipun Evrópusambandsins mun Fjármálaeftirlitið bera ábyrgð á yfirlestri skráningarlýsinga, en það hlutverk hefur verið í höndum kauphalla hingað til. Þekking á reikningsskilum er nauðsynleg í því sambandi. Nefna má í þessu sambandi að nú er til umfjöllunar hvernig unnt verði að leysa ýmis eftirlitsverkefni á verðbréfasviði í samvinnu Fjármálaeftirlitsins og Kauphallar Íslands, þar sem Fjármálaeftirlitið hafi stöðu lögbærs stjórnvalds en tilteknir þættir eftirlits verði í höndum Kauphallarinnar samkvæmt sérstökum samningum og á grundvelli tiltekinna skilyrða.
- Að síðustu má nefna að Fjármálaeftirlitið les yfir og samþykkir útboðslýsingar vegna almennra útboða, þ.e. þegar ekki er um skráningu og útboð á kauphöll að ræða. Þekking á reikningsskilum er nauðsynleg við úrlausn slíkra verkefna.

Viðurlög og málsmeðferð

Mikilvægt er að eftirlitsaðilum verði gert kleift að bregðast skjótt við verði eftirlitsskyldur aðili uppvis að rangfærslum eða rangtúlkunum við framkvæmd reikningsskila. Á þetta sérstaklega við um eftirlitsskylda aðila sem eru með skráð verðbréf í kauphöll eða öðrum skipulegum markaði. Í athugasemdum frumvarpsins um g-lið 51. gr. (56. gr. L.) kemur fram að ekki er gerð tillaga um viðurlagaheimildir í tengslum við eftirlitið en vísað í 1. tölul. 1. mgr. 84. gr. í X. kafla um viðurlög og málsmeðferð, í lögum um ársreikninga.

Að mati Fjármálaeftirlitsins eru ákvæði X. kafla í lögum um ársreikninga ekki til þess fallin að eftirlitsaðili geti gripið hratt inn í gang mála og tryggt jafnræði í upplýsingjöf á verðbréfamarkaði t.d. með kröfum um leiðéttingar á reikningsskilum. Sem fyrirmynd að ákvæði sem bæta þyrfti inn í frumvarpið má benda á ákvæði í dönskum lögum um fjármálastarfsemi, sbr. 4. mgr. 374. gr. í lögum nr. 90/2005 (Lov om finansiel virksomhed).

Fjármögnun eftirlits

Ljós er að eftirlit með beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla hefst á yfirstandandi ári og að eftirlitsaðilar munu verða fyrir töluverðum útgjöldum vegna þess. Á eftirlitið reynir þegar við birtingu ársfjórðungsuppgjöra skráðra félaga á kauphöll miðað við lok mars á yfirstandandi ári og þarf í því sambandi sérstaklega að huga að upphafs efnahagsreikningi samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum.

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Í h-lið 51. gr. (56. gr. M.) frumvarpsins er kveðið á um að eftirlitsskyldir aðilar samkvæmt lögnum skuli með greiðslu eftirlitsgjalds standa straum af kostnaði við opinbert eftirlit með alþjóðlegum reikningsskilastöðlum. Annars vegar er gert ráð fyrir að eftirlitsgjald þeirra aðila sem falla undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins fari samkvæmt lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og hins vegar að ársreikningaskrá sjái um álagningu og innheimtu eftirlitsgjalds með þeim félögum sem heyra undir eftirlit hennar sbr. nánari ákvæði í 3.-7. mgr. h-liðar 51. gr. (56. gr. M). Samkvæmt þessum ákvæðum í frumvarpinu virðist ekki gert ráð fyrir að innheimt verði eftirlitsgjald af eftirlitsskyldum aðilum vegna eftirlits með beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla fyrr en á árinu 2006.

Að mati Fjármálaeftirlitsins er nauðsynlegt að þegar á yfirstandandi ári verði innheimt eftirlitsgjald af eftirlitsskyldum aðilum vegna eftirlits með beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla, a.m.k. þeirra aðila sem Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með þar sem ekki var gert ráð fyrir útgjöldum vegna slíks eftirlits við gerð rekstraráætlunar fyrir yfirstandandi ár á sl. hausti.

Fjármálaeftirlitið gerir ekki athugasemdir við frumvarpið að öðru leyti.

Virðingarfyllst,



Páll Gunnar Pálsson

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ



Guðmundur Jónsson

Alþingi
Erindi nr. P 131/1535
komudagur 28.4.2005

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis,
b.t. Stefáns Arna Auðólfssonar

Hjálagt er afrit af bréfi, dags. 10. ágúst 2004, sem Fjármálaeftirlitið sendi fjármálaráðuneytinu í kjölfar bréfs ráðuneytisins, dags. 16. júní 2004 þar sem Fjármaáeftirlitinu var gefinn kostur á að veita umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um ársreikninga, nr. 144/1994, þar sem innleidd er ESB reglugerð nr. 1606/2002, um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla. Í fyrrnefndu bréfi FME, dags. 10. ágúst 2004, kemur fram umsögn eftirlitsins um frumvarpið eins og það lá fyrir vorið 2004 en samkvæmt því var gert ráð fyrir að ársreikningaskrá skyldi hafa eftirlit með beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla.

Fjármálaeftirlitið vekur athygli á að ef ársreikningaskrá verður alfarið falið eftirlitshlutverkið með beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla kann það að skerða eftirlitsheimildir Fjármálaeftirlitsins gagnvart eftirlitsskyldum aðilum varðandi málefni sem snerta reikningsskil þeirra.

Ragnar Hafliðason
Fjármálaeftirliti

Fjármálaráðuneytið
Arnarhvoli
150 Reykjavík

10. ágúst 2004
2004060041

Umsögn Fjármálaeftirlitsins um frumvarp til laga um breytingar á lögum um ársreikninga nr. 144/1994 með síðari breytingum.

Vísað er til bréfs fjármálaráðuneytisins, dags. 16. júní 2004, þar sem Fjármálaeftirlitinu var gefinn kostur á að veita umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um ársreikninga, nr. 144/1994, þar sem innleidd er ESB reglugerð nr. 1606/2002, um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla.

Fjármálaeftirlitið átti sæti í samráðshópi sem starfaði í tengslum við nefnd um innleiðingu ESB reglugerðar nr. 1606/2002. Í gegnum þátttöku sína í samráðshópnum gafst Fjármálaeftirlitinu tækifæri til að koma að fyrstu viðbrögðum við frumvarpsdrög áður en það var lagt fram á vörðingi. Fjármálaeftirlitið telur því á þessu stigi ekki þörf á sérstakri umfjöllun um efnisatriði frumvarpsins af þess hálfu að öðru leyti en skipan eftirlits með beitingu reikningsskilastaðlana.

Í tengslum við aðild sína að fyrrgreindum samráðshópi kom Fjármálaeftirlitið ýmsum atriðum á framfæri varðandi skipan eftirlitsins, sbr. tölvupóst til formanns vinnunefndar um innleiðingu reikningsskilastaðlanna, dags. 16. apríl 2004. Rétt er að fjalla nánar um nokkur atriði í þessu sambandi:

Skörun á verkefnum eftirlitsaðila

Í fyrirbyggjandi frumvarpi er gert ráð fyrir því í i-lið 1. mgr. 1. gr. að ársreikningaskrá hafi eftirlit með beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla. Áður hefur verið bent á að starfsemi ársreikningaskrár svo breyttrar muni óhjákvæmilega skarast við starfsemi Fjármálaeftirlitsins að ýmsu leyti.

Fjármálaeftirlitið telur rétt í þessu sambandi að vekja athygli á nokkrum þáttum í starfsemi þess sem tengjast reikningsskilum sem unnin eru af Fjármálaeftirlitinu og eru nauðsynlegur þáttur í opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi.

Fyrirtæki með starfsleyfi til fjármálastarfsemi

- Fjármálaeftirlitið setur reglur um reikningsskil flestra fyrirtækja sem starfsleyfi hafa til fjármálastarfsemi. Eftir upptöku alþjóðlegra reikningsskilastaðlanna munu þær reglur einkum snúa að öðrum eftirlitsskyldum fyrirtækjum en þeim sem fylgja alþjóðlegu reikningsskilastöðlunum. Aðlaga þarf reglurnar að ýmsu leyti að reikningsskilastöðlunum til að tryggja samræmd vinnubrögð og upplýsingagiöf á fjármálamarkaði. Nefna má sem dæmi um þetta að reglur um afskriftir útlána hafa að hluta til verið aðlagðar að reikningsskilastöðlunum.

- Eðlilega er gerð krafa um samræmi í eftirliti með samkeppnisfyrirtækjum, t.d.

lánastofnunum innbyrðis og váttryggingafélögum innbyrðis. Óhjákvæmilegt er að slíkt eftirlit sé í höndum Fjármálaeftirlitsins. Fjármálaeftirlitið hefur sinnt slíku eftirliti með yfirferð yfir ársreikninga og árshlutauppgjör, bréfaskiptum um einstök atriði uppgjöra og fundum um rekstur einstakra fyrirtækja. Fjármálaeftirlitið hefur í ýmsum tilvikum krafist þess að eftirlitsskyldir aðilar birtu að nýju ársreikning eða árshlutauppgjör. Samkvæmt 94. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, getur eftirlitið látið fara fram sérstaka endurskoðun hjá fyrirtæki, telji það ástæðu til að ætla að endurskoðað reikningsuppgjör gefi ekki glögga mynd af fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu fyrirtækisins.

- Ýmis verkefni Fjármálaeftirlitinu eru nátengd reikningsskilum. Sem dæmi má nefna eftirlit með eiginfjárstöðu fjármálafyrirtækja. Í nýjum alþjóðlegum eiginfjárreglum sem hér verða teknar upp spila reikningsskil sérstakt hlutverk í einum af þremur stöðum reglnanna (Pillar III, Market Discipline). Annað dæmi er eftirlit með gjaldþoli váttryggingafélaga.
- Fjármálaeftirlitið stuðlar að gegnsæi og aðhaldi í gegnum opinbera upplýsingagjöf um rekstur eftirlitsskyldra aðila með birtingu skýrslna á heimasíðu sinni þar sem dregnar eru saman upplýsingar úr ársreikningum. Þannig eru árlega birtar þrjár ársreikningaskýrslur, þ.e. skýrsla um lánastofnanir, verðbréfafyrirtæki og rekstrarfélög verðbréfasjóða, skýrsla um lífeyrissjóði og skýrsla um váttryggingafélög.
- Fjármálaeftirlitið er að byggja upp gagnagrunna til að halda utan um framangreind verkefni.

Útgefendur skráðra verðbréfa

- Eftirlit Fjármálaeftirlitsins með útgefendum skráðra verðbréfa sem ekki hafa starfsleyfi til fjármálastarfsemi tengist einnig reikningsskilum þeirra. Þannig starfrækir Fjármálaeftirlitið markaðsvakt og hefur eftirlit með því að lögum og reglum um meðferð innherjaupplýsinga sé fylgt. Framsetning og upplýsingagjöf í ársreikningum og árshlutauppgjörum varða oft miklu í athugun slíkra mála.
- Samkvæmt nýrri tilskipun Evrópusambandsins mun Fjármálaeftirlitið bera ábyrgð á yfirlestri skráningarlýsinga, en það hlutverk hefur verið í höndum kauphalla hingað til. Þekking á reikningsskilum er nauðsynleg í því sambandi. Nefna má í þessu sambandi að nú er til umfjöllunar hvernig unnt verði að leysa ýmis eftirlitsverkefni á verðbréfasviði í samvinnu Fjármálaeftirlitsins og Kauphallar Íslands, þar sem Fjármálaeftirlitið hafi stöðu lögbærs stjórnvalds en tilteknir þættir eftirlits verði í höndum Kauphallarinnar samkvæmt sérstökum samningum og á grundvelli tiltekinna skilyrða.
- Þá má nefna að kauphallir lúta eftirliti, en þeim ber m.a. að tryggja gegnsæi í verðbréfavíðskiptum og jafnræði fjárfesta.

Aðrir

- Að síðustu má nefna að Fjármálaeftirlitið les yfir og samþykkir útboðslýsingar vegna almennra útboða, þ.e. þegar ekki er um skráningu og útboð á kauphöll að ræða. Þekking á reikningsskilum er nauðsynleg við úrlausn slíkra verkefna.

Fjármálaeftirlitið vinnur nú að því að byggja upp frekari þekkingu eftirlitsins á alþjóðlegu reikningsskilastöðlunum til að geta áfram sinnt framangreindum verkefnum. Þekking á stöðlunum og túlkun þeirra verður eftirlitinu þannig nauðsynleg til framtíðar. Aðild að CESR og CESR-fin er Fjármálaeftirlitinu mikilvæg í þessu sambandi.

Af framangreindu er ljóst að skörun verður í verkefnum Fjármálaeftirlitsins og ársreikningaskrár verði sú leið farin sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Mikilvægt er að draga úr þeirri skörun eftir því sem kostur er til að tryggja skýrleika og hagkvæmni. Skörunin verður

þó að ýmsu leyti til staðar þó verkaskipting þessara aðila verði vel skilgreind.

Í þessu sambandi verður einnig að huga að stöðu Kauphallar Íslands hf. en það hlutverk kauphalla að tryggja gegnsæi og jafnræði fjárfesta er nátengt eftirliti með reikningsskilum.

Fyrirtæki sem taka upp alþjóðlegu reikningsskilastaðlana geta þannig þurft að lúta eftirliti eða aðhaldi allt að þriggja aðila, allt eftir eðli viðkomandi starfsemi og atvika í hverju máli.

Fjármögnun eftirlits

Varðandi fjármögnun eftirlitsins er í athugasemdum með frumvarpinu vísað til þess að fylgt verði þeirri stefnu sem mörkuð verði innan EES á næstu misserum. Fjármálaeftirlitinu er ekki kunnugt um verið sé að vinna að samræmingu á fjármögnun eftirlitsins innan EES. Ef slík stefna verður mörkuð á Evrópuvettvangi er mikilvægt að fylgja henni. Engu að siður verður að leysa úr þessum álitafni strax í upphafi. Að því er Fjármálaeftirlitið best veit munu eftirlitsskyldir aðilar greiða fyrir kostnað vegna þess í flestum tilvikum.

Nauðsynlegt er fyrir markaðinn og þá sem á honum starfa að vita eins fljótt og kostur er um skipan þessara mála þó á henni kunni síðar að verða breyting vegna frekari samræmingar við tilhögun annars staðar.

Í þessu samhengi er rétt að benda á að þegar er til ferli við innheimtu kostnaðar vegna opinbers eftirlits með fjármálastarfsemi, sbr. lög nr. 99 frá 1999. Þetta ferli var sett á í samvinnu við markaðsaðila.

Heimildir eftirlitsins

Samkvæmt 78. gr. laga nr. 144 frá 1994 er ársreikningaskrá gefin heimild til eftirlits með að ársreikningar séu í samræmi við fyrrnefnd lög. Í sömu grein er einnig heimild til að kalla eftir upplýsingum varðandi ársreikninga.

Mikilvægt er að endurskoða og kveða ítarlegar á um eftirlitsheimildir ársreikningaskrár. Í grunnreglum CESR nr. 1 (Standard No 1 on Financial Information) er kveðið á um eftirlitsheimildir og í hverju þær geta falist. Í þessu sambandi er bent á 10. og 11. gr. laga nr. 87/1998 um “athugasemdir og úrbætur” annars vegar og “féviti og dagsektir” hins vegar. Þá má einnig nefna 94. gr. laga nr. 161/2002. Um heimildir til að kalla eftir gögnum hjá eftirlitsskyldum aðila má vísa til 9. gr. laga nr. 87/1998 sem virðist víðtækari en núgildandi heimildir ársreikningaskrár.

Nauðsyn á ítarlegri greiningu

Í fyrri umfjöllun Fjármálaeftirlitsins á vettvangi samráðshópsins hefur verið bent á nauðsyn ítarlegrar greiningar á kostum og göllum mismunandi valkosta í tilhögun eftirlits með beitingu alþjóðlegu reikningsskilastaðlanna. Greining af þessu tagi liggur ekki fyrir. Þannig er Fjármálaeftirlitinu ekki kunnugt um að tekið hafi verið til skoðunar hvort rétt væri að fela því þetta hlutverk, eftir atvikum í samstarfi við Kauphöll Íslands hf.

Vekja má athygli á að til grundvallar stofnun Fjármálaeftirlitsins lá ítarleg skýrsla nefndar sem fékk það verkefni að taka afstöðu til þess hvernig opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi væri best borgið til framtíðar. Skýrslan var birt sem fylgiskjal með frumvarpi til laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi (þingskjal 1559, 122. löggjafarþing, 560. mál). Í henni er fjallað um kosti og galla mismunandi leiða, hvernig tryggja beri sjálfstæði og óhæði eftirlitsins og hvernig haga skuli fjármögnun þess. Álitafnin eru þannig að flestu leyti áþekk

þeim sem taka þarf afstöðu til við skipan eftirlits með beitingu alþjóðlegu reikningsskilastaðlanna. Skýrslan og sú undirbúningsvinna sem í henni fólst var nauðsynlegur grundvöllur skjótra breytinga í opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi hér á landi. Síðast en ekki síst gaf hún aðilum á fjármálamarkaði tækifæri til að taka ígrundaða afstöðu til málsins.

Í þessu sambandi er vakin athygli á lögum nr. 27/1999, um opinberar eftirlitsreglur. Í 3. gr. laganna segir að þegar stofnað sé til opinbers eftirlits skuli viðkomandi stjórnvald meta þörf fyrir eftirlit, gildi þess og kostnað þjóðfélagsins af því. Slíkt mat geti m.a. falist í áhættumati, mati á alþjóðlegum skuldbindingum um eftirlit, mati á kostnaði opinberra aðila, fyrirtækja og einstaklinga, mati á hvort ná megi sama árangri með hagkvæmari aðferðum eða mati á þjóðhagslegu gildi eftirlits.

Með hliðsjón af framangreindu ítrekar Fjármálaeftirlitið þá skoðun sína að meta þurfi með skýrum hætti þá valkosti í skipan eftirlitsins sem til staðar eru og taka afstöðu til þeirra á grundvelli kosta og galla mismunandi leiða. Sú leið að setja á fót nýja sjálfstæða stofnun á grunni ársreikningaskrár, og byggja þar upp þekkingu, skipulag og upplýsingakerfi sem nauðsynleg eru, hefur kosti og galla sem eðlilegt er að metnir séu með hliðsjón af öðrum leiðum. Mikilvægt er að unnt sé að rökstyðja skipan eftirlitsins með tilliti til hagkvæmni og skilvirkni.

Niðurlag

Fjármálaeftirlitið lýsir sig reiðubúið til að veita ráðuneytinu ítarlegri upplýsingar og sjónarmið eða koma að frekari undirbúningi málsins, verði þess óskað.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Páll Gunnar Pálsson

Guðmundur Jónsson



Nefndasvið Alþingis
c/o Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

4. mars 2005
Tilv. 111
BÖ


Efni: Umsögn um frumvarp til laga um ársreikninga, 480. mál, EES-reglur, reikningsskilastaðlar.

Með bréfi dagsettu 10. febrúar sl. var óskað eftir umsögn Kauphallar Íslands hf. um frumvarp til laga um breytingu á lögum um ársreikninga, nr. 144/1994.

Kauphöllin fagnar frumvarpinu og telur það um margt vel útfært. Ástæða er þó til að gaumgæfa betur tvennt. Annars vegar gengur frumvarpið lengra en tilskipun ESB, gerðar eru íþyngjandi kröfur til skráðra fyrirtækja umfram tilskipunina, og hins vegar má draga í efa að tilhögun eftirlitsins sé eins hagkvæm og skýr og best verður kosið. Varðandi fyrri atriðið, þ. e. a. s. íþyngjandi kröfur til skráðra fyrirtækja, verður vart séð að brýna nauðsyn beri til að festa í löggjöf hér á landi ítarlegri kröfur en tilskipun ESB felur í sér. Þessar viðbótarkröfur væri hægt að láta markaðnum eftir að útfæra. Við má bæta að tilhögun frumvarpsins getur veikt samkeppnisstöðu Kauphallarinnar og innlends fjármálamarkaðar í þeim skilningi að torvelda erlendum fyrirtækjum að skrá sig á markað hér á landi. Á þessu þarf að mati Kauphallarinnar að finna lausn sem kemur í veg fyrir að löggjöf um þetta efni leiði af sér lakari samkeppnisstöðu fyrir innlendan hlutabréfamarkað.

Kauphöllin vill ítreka athugasemd sína sem snýr að eftirliti með notkun alþjóðlegra reikningsskilastaðla. Í 56. gr. kemur fram að Fjármálaeftirlitið skuli hafa eftirlit með því að félög, sem heyra undir eftirlit þess og skylt er að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum eða nýta sér heimild til þess skv. 56. gr. J, beiti stöðlunum á réttan hátt. Ársreikningaskrá skuli hafa eftirlit með öllum öðrum félögum sem skylt er að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum eða nýta sér heimild til þess. Í frumvarpinu segir um þetta atriði: “Leggja þarf áherslu á að endanlegt fyrirkomulag eftirlitsþáttarins sé hagkvæmt í alla staði.” Kauphöllin tekur eindregið undir þetta sjónarmið og hvetur til þess að ákvæði frumvarpsins um eftirlit verði endurskoðuð með það að leiðarljósi að finna hagkvæmari og skilvirkari skipan en nú er gert ráða fyrir. Kauphöllin telur að fjármögnun eftirlitsins þurfi að liggja fyrir svo ekki verði rennt blint í sjóinn með hver greiði fyrir þjónustuna. Þá þarf að gera kostnaðaráætlun einkum ef nýjum eftirlitsaðila verður bætt við þá sem fyrir eru.


Núverandi skipan felur í sér umtalsvert eftirlit með ársreikningum skráðra félaga. Reikningsskil skráðra fyrirtækja er grunnþáttur í upplýsingagjöf til Kauphallarinnar. Upplýsingagjöf um afkomu og hag skráðra félaga er lykilatriði á virkum markaði og fyrir vikið þarf Kauphöllin að hafa starfsfólk með sérþekkingu á þessu sviði.



Jafnframt er ljóst að innleiðing reglugerðar EB um alþjóðlega reikningsskilastaðla og annarra reglugerða EB um fjármálamarkaðinn gerir kröfu um að Kauphöllin leggi ríkari áherslu á reikningsskil og upplýsingagjöf í tengslum við uppgjör í framtíðinni.

Því telur Kauphöllin að ákvæði frumvarpsins um að ársreikningaskrá og að Fjármálaeftirlitið taki að sér eftirlitshlutverkið muni leiða til tvíverknaðar og þar af leiðandi til óhagræðis og aukins kostnaðar. Kauphöllin hvetur því til þess að tilhögun eftirlits í frumvarpinu verði skoðuð gaumgæfilega með það að markmiði að finna hagkvæma og skynsamlega lausn á eftirlitsþættinum.

Virðingarfyllst,


Þórður Friðjónsson,
forstjóri

Alþingi
Erindi nr. P 131/1114
komudagur 14. 3/31/1114

Nefndasvið Alþingis
Stefán Árni Auðólfsson, nefndarritari.
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. mars 2005.

Umsögn laganefndar LMFÍ um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, með síðari breytingum, og frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 145/1994, um bókhald, með síðari breytingum, 131. löggjafarþing 2004-2005, þskj. 732, 734 – 478. og 480. mál.

Laganefnd LMFÍ hefur haft ofangreind frumvörp til athugunar, en þar sem þau eru samtengd lætur laganefndin í té sameiginlega umsögn um frumvörpin.

Með frumvarpi til laga um breyting á lögum um ársreikninga er færð í lög reglugerð ESB nr. 1606/2002, um innleiðingu reikningsskilastaðla alþjóðlegu reikningsskilanefndarinnar IASB, og gildissvið reglugerðarinnar ákvarðað fyrir íslensk félög. Þá eru einnig færð í lög ákvæði tilskipunar nr. 51/2003, um breytingu á félagatilskipunum Evrópusambandsins nr. 4 og 7, sem þegar hafa verið teknar upp í íslensk lög, svo og tilskipunum nr. 674/1991 og 635/1986 um reikningsskil banka og annarra fjármálastofnana og váttryggingafélaga.

Frumvarp til breyting á lögum um bókhald er flutt samhliða ofangreindu frumvarpi og til samræmis við þær breytingar sem lagðar eru til á lögum um árs-reikninga.

Laganefnd LMFÍ hefur yfirfarið texta þeirra frumvarpa sem að ofan eru nefnd og sér ekki ástæðu til að gera athugasemd við efni þeirra.

Virðingarfyllst,
f.h. laganefndar Lögmannafélags Íslands

Jóhannes Rúnar Jóhannsson, hrl., formaður

Alþingi
Erindi nr. P 131/963
komudagur 4.3.2005

PricewaterhouseCoopers hf
Skógarhíð 12
105 Reykjavík

www.pwc.com/is
Sími +354 550-5300
Myndsími +354 550-5301

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

3 Mars 2005

Umsögn PricewaterhouseCoopers hf. (PwC) um frumvarp til laga um ársreikninga

Þar sem einn fulltrúi frá PwC á sæti í Reikningsskilaráði og annar í reikningsskilanefnd Félags löggiltra endurskoðenda, vísun við á umsagnir framangreindra aðila um ofangreint frumvarp.

Virðingarfyllst,


Ólafur Þór Jóhannesson
endurskoðandi

Reykjavík, 9. mars 2005

Efnahags- og viðskiptanefnd
Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Þann 10. febrúar sl. óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Reikningsskilaráðs um frumvarp til breytingar á lögum um ársreikninga, mál nr. 480 sem nú er til umfjöllunar hjá nefndinni.

Almennt telur Reikningsskilaráð að efni frumvarpsins sé til bóta en vill þó gera eftirfarandi athugasemdir við það:

1.gr.

Í 1. mgr. 1. gr. núgildandi laga er m.a. eftirfarandi setningu að finna::

„Lög þessi skulu víkja fyrir ákvæðum um ársreikninga í sérlögum enda geri þau jafnmiklar eða meiri kröfur til ársreikningagerðar en lög þessi.“

Í síðustu málagrein 1. gr. frumvarpsins er lagt til að þessi setning hljóði svo:

„Lög þessi skulu víkja fyrir ákvæðum um ársreikninga í sérlögum enda byggist þau á ákvæðum tilskipana Evrópuþingsins og ráðsins um ársreikninga tiltekinna félaga með takmarkaða ábyrgð.“

Reikningsskilaráð telur að breytingin: „...enda byggist þau á ákvæðum tilskipana Evrópuþingsins...“ sé ekki til bóta. Þó viðurkennt sé að Ísland sé skuldbundið til þess að taka upp ýmsar tilskipanir Evrópusambandsins sem hafa að geyma ákvæði um ársreikningagerð er einnig ljóst að slíkar tilskipanir taka stöðugum breytingum. Sú staða getur því auðveldlega komið upp að sérlög sem í gildi eru á ákveðnum tíma hér á landi séu ekki í samræmi við gildandi tilskipanir Evrópusambandsins um ársreikninga á sama tíma. Þetta er vandamál sem löggjafinn þarf að glíma við og ætti ekki, að mati ráðsins, að velta þessu vandamáli yfir á almenna notendur viðkomandi laga þannig að þeir þurfi að túlka það hvort þeir megi hundsá ákvæði sérlaga eða ekki.

Ef gera þarf þetta ákvæði laga um ársreikninga skýrara leggur ráðið til að ákvæðið hljóði svo: *„Lög þessi skulu víkja fyrir ákvæðum um ársreikninga í sérlögum.“*

2. gr.

Í 8. tölulið færi betur á því að nota orðalagið „...ársreikningar móðurfélags...“ í stað „...reikningar móðurfélags...“

Bætist við liður nr. 14, hugtakið „ársreikningur“ í þessum lögum hefur sömu merkingu og „árleg reikningsskil“ í Alþjóðlegu reikningsskilastöðlunum (IFRS)

3. gr.

Betur fer á því að nota orðið „gerð“ ársreiknings í stað „samning“, þetta á raunar við fleiri greinar sem fjallað er um þetta, m.a. 5. gr.

4. gr.

Lagt er til að í staðin fyrir hugtakið „Reikningsár“ verði notað „uppgjörstímabil“ til samræmis við þýðingu á IFRS. Þessu atriði þyrfti að breyta á nokkrum stöðum í lögunum.

5. gr.

„Glögg mynd“ skal skilgreininga með sama hætti og í Ramma Alþjóðlegu reikningsskilastaðlanna. Reikningsskilaráð leggur til að skilgreining á hugtakinu „glögg mynd“ verði sett inn í 2. gr. laganna.

Til þess að forðast allan misskilning væri betra að skilgreina hugtakið „settar reikningsskilareglur“ í lögunum sjálfum þó svo að það sé gert í athugasemdum með frumvarpinu. Það virðist vera að einungis reglur settar af reikningsskilaráði á Íslandi og IAS/IFRS staðlar sem samþykktir hafa verið af Evrópusambandinu hafi gildi og það er eðlilegast það sé skilgreint beint í lagatextanum sjálfum. Reikningsskilaráð leggur til að skilgreining á hugtakinu „settar reikningsskilareglur“ verði sett inn í 2. gr. laganna.

11. gr.

Í fyrirsögninni færi betur á því að tala um „Meginforsendur ársreikninga“ í stað „Grunnforsendur ársreikninga“. Hugtakið „meginforsendur“ hefur verið notað í þýðingum á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum.

Í 3. tölul. b. liðar „*Enn fremur er heimilt að taka tillit til.....*“ Í skýringum frumvarpsins má lesa að þessi breyting er lögð til vegna krafna í tilskipun Evrópusambandsins. Reikningsskilaráð telur að þetta sé óþarflega óljóst orðalag og leggur því til að í staðinn fyrir orðið „heimilt“ komi orðið „skal“.

Í 3. tölul. b. liðar 11.gr. er orðalagið, „fyrirsjáanlegar skuldir sem myndast kunna á reikningsárinu“. Er það ekki útilokað að það geti gerst? Fyrirsjáanlegar skuldir sem myndast kunna **vegna** reikningsársins væri betra orðalag.

12. gr.

Síðasta málsgreinin í þessari grein frumvarpsins hljóðar svo:

„Við útreikning og mat á eignum og skuldum skal taka tillit til allra aðstæðna þ.m.t. áhættu og taps, sem í ljós koma áður en ársreikningur er saminn. Jafnframt er heimilt að taka tillit til fyrirsjáanlegrar áhættu og taps sem í ljós kemur áður en ársreikningur er saminn.“

Ákvæði þessarar greinar um „áhættu“ og „fyrirsjáanlega áhættu“ eru ekki í samræmi við ákvæði alþjóðlegs reikningsskilastaðals nr. 39. Hægt er að túlka hugtakið „fyrirsjáanleg áhætta“ mjög vítt og bókfært það sem þeir hentar hverju sinni á grundvelli huglægs mats á áhættu sem þeir telja vera fyrirsjáanlega. Þróunin hefur verið í átt færa sig frá færslu framtíðartapa í reikningsskilum í færslu skilgreindra orðinna tapa. (e: incurred loss approach instead of future loss approach). Nákvæmlega er um þetta fjallað í IAS 39. Ráðið leggur til að orðin áhætta og fyrirsjáanleg áhætta verði feld burt úr þessari grein. Jafnvel mætti sleppa síðari setningunni úr frumvarpinu þ.e. er setningunni: „Jafnframt er heimilt að taka tillit til fyrirsjáanlegrar áhættu og taps sem í ljós kemur áður en ársreikningur er saminn.“

Við þýðingu á Alþjóðlegu reikningsskilastöðlunum er notað hugtakið “við gerð ársreiknings” en ekki hugtakið “saminn” og best væri að samhæfa þessi hugtök og nota því “gerð” í staðinn fyrir “saminn”.

14.gr.

Reikningsskilaráð fagnar því að loksins er búið að taka út heimild til eignfærslu á rannsóknarkostnaði. Hins vegar er innihaldið í þessari grein þannig að það nær alls ekki efnisskilyrðum í IAS 36 sem samt var þó stefnt að sbr. athugasemdir með frumvarpinu. Nauðsynlegt er að bæta inn setningu aftast í 1. málslíð ... „ef eignfærslan uppfyllir skilyrði í settum reikningsskilareglum hvað varðar framtíðamöguleika til tekjuöflunar“. Í IAS 36 eru þessi atriði talin upp. Til viðbótar verður ekki séð hver er tilgangurinn að heimila sitt hvora aðferðina í þessu sambandi við stærð fyrirtækja. Veldur einungis ósamræmi.

15. gr.

Þessi grein hljóðar svo:

„Heimilt er að færa tillögur stjórnar um arð til skuldar og skal þá gera grein fyrri því að skýringum.“

Reikningsskilaráð er ósammála því að arðgreiðsla er kemur til greiðslu á komandi uppgjörstímabili og hefur ekki enn hlotið samþykki eigenda séu færðar til skuldar í

ársreikningi og leggur ráðið til að þessi grein verði felld burt úr frumvarpinu. Þegar stjórn leggur til að arðgreiðsla verði greidd þá fylgi með hvernig staðið verði að þeirri greiðslu, t.d. greitt með nýjum hlutabréfum eða peningum eða hvoru tveggja og fjármögnun þess.

Reikningsskilaráð leggur til að tillögur stjórnar um arðgreiðslur eigi að koma fram í skýringum eða í eiginfjáryfirliti. Ef ekki er fallist á þessa breytingu mætti einnig leggja til að þessi grein yrði felld út í heild sinni þar sem þetta ákvæði er í ósamræmi við staðla og viðteknar venjur hér á landi og annars staðar. Ákvörðun um arð er ekki tekin fyrir en á hluthafafundi þrátt fyrir að stjórn sé með tillögu. Sjálfsagt er hins vegar að gera grein fyrir arðgreiðslu í skýringum og skýrslu stjórnar með áberandi hætti og t.d. neðst í eiginfjáryfirliti í skýringum.

17. gr.

Lagt er til að í stað orðanna „má færa“ komi „skal“.

20. gr.

Í c. lið (21. gr. B) er lagt til að í stað orðsins „skekku“ komi „grundvallarskekku“. Þetta er lagt til vegna samræmis við þýðingar alþjóðlegra reikningsskilastaðla.

Í i. lið (22. gr.) er fjallað um sjóðstreymi og má lesa út úr greininni lýsingu á gerð sjóðstreymis skv. beinni aðferð. Ráðið vill vekja athygli á að mikið af sjóðstreymisyfirlitum er nú gert skv. óbeinu aðferðinni. Þar sem hún er yfirleitt mun einfaldari í framkvæmd og notast því flesti fyrirtæki við óbeinu aðferðina. Ráðið leggur því til að bæði óbeina og beina aðferðin séu nefndar í lagagreininni.

21. gr.

Lokamálsgrein taki tillit til þess að eignarleigusamningar skuli færðir til eignar ef þeir uppfylli skilyrði þar að lútandi í settum reikningsskilareglum. Fjárhæðir eiga hins vegar ekki að skipta máli í þessu sambandi og ætti því „*ef þeir nema verulegum fjárhæðum*“ að falla út.

22. gr.

Lagt er til að orðið gangvirði komi í stað markaðsverðs.

23. gr.

Lagt er til að orðið gangvirði í komi í stað markaðsverðs.

33. gr.

Í greininni segir m.a.

„Hafi félag greitt meira fyrir fjárfestingu sína í dóttur- og hlutdeildarfélagi en sem nemur hlutdeild í hreinni eign þess við kaup ber að heimfæra mismuninn undir tiltekna eignir ef það er unnt, ella telst hann viðskiptavild. Mismun þennan ber að endurmeta og afskrifa með sama hætti og þær eignir. Ef mismunurinn telst viðskiptavild skal hann endurmetinn og afskrifaður að fullu í samræmi við ákvæði 21. gr. C.“

Óljóst er hvað átt er við með orðalaginu „tilgreindar“ eignar. Mikill munur á IFRS 3 og IAS 22 hvað þetta varðar, IAS 22 hefur verið staðfestur en ekki IFRS 3 en verður það væntanlega von bráðar. Betra væri því segja „tilgreindar eignir í samræmi við settar reikningssskilareglur“ til að taka af vafa.

Taka þarf út að þurfi að endurmeta eignirnar.

Ósamræmi – sagt að þurfi að afskrifa þurfi viðskiptavildina í samræmi við 21.C en í þeirri grein er talað um að viðskiptavild skuli meta árlega en ekki afskrifa.

Bæta þarf við lokamálslið 2.málsgr. að ef ekki er hægt að heimfæra lægra kaupverð en hlutdeild í eigin fé á tiltekna eignir skuli tekjufæra þá fjárhæð. Samanber færslu í „badwill“ í IFRS 3.

Setninguna: *„Ef mismunurinn telst viðskiptavild skal hann endurmetinn og afskrifaður að fullu í samræmi við ákvæði 21. gr. C.“* leggur Reikningssskilaráð til að verði svo hljóðandi;

„Mismun þennan, ef mismunur telst vera viðskiptavild skal farið með hann í fullu samræmi við ákvæði 21. gr. C.“

37. gr.

Í greininni segir:

„Ef samsetning á starfsemi félags breytist á reikningsárinu skal veita upplýsingar um það. Ef ekki er hægt að aðlaga fjárhæðir ársreiknings fyrra árs skal gera grein fyrir því á fullnægjandi hátt í skýringum.“

Reikningssskilaráð leggur til að setningin verði svo hljóðandi;

„Ef samsetning á starfsemi félags breytist verulega á reikningsárinu skal veita upplýsingar um það. Ef ekki er hægt að aðlaga fjárhæðir ársreiknings fyrra árs skal gera grein fyrir því á fullnægjandi hátt í skýringum.“

39. gr.

Í greininni segir: „Hafi félagið gert leigusamninga til lengri tíma en eins árs, sem nema verulegum fjárhæðum og ekki koma fram í efnahagsreikningi, skulu slíkar skuldbindingar tilgreindar sérstaklega“.

Reikningsskilaráð leggur til að greinin verði svo hljóðandi;

„Hafi félagið gert leigusamninga til lengri tíma en eins árs, sem nema verulegum fjárhæðum og ekki koma fram í efnahagsreikningi. Slíkar skuldbindingar skal tilgreinda í skýringum. Samninga skal meta miðað við heildarupphæðir á öllum leigusamningum er félagið hefur gert.“

Reikningsskilaráð vekur athygli á því að horfa verður á slíka samninga sem eina heild en ekki einstaka samninga einangrað.

43. gr.

Í þessari grein er gerð krafa til þess að birtar séu samanburðarupplýsingar fyrra reikningsár um m.a. heildarlaun, þóknanir og ágóðahluta til núverandi og fyrrverndi stjórnarmanna félagsins vegna starfa í þágu þess.

Að mati ráðsins er óþarfi að skylda birtingu slíkum upplýsingum um fyrra reikningsári. Nægilegt er að slíkar upplýsingar liggi í reikningsskilum viðkomandi árs.

44. gr.

a. (51. gr. A). Í þessari grein kemur m.a. fram að: „Með tengdum aðilum er m.a. átt við móðurfélög, dótturfélög, hlutdeildarfélag og samrekstrarfélag.“ Skilgreining á tengdum aðilum er í þessari grein ekki í samræmi við skilgreiningar í IAS 24 þar sem tilteknir eru fleiri aðilar eins og stjórnendur, félag þeirra og stórar fjárfestingar.

b. (51. gr. B). Í greininni er ákvæði um að félag skulu upplýsa um starfsemi sem er lögð niður,

Reikningsskilaráð leggur til að setningin verði svo hljóðandi;

„Skulu upplýsa um starfsemi sem leggja skal af eða er lögð niður..... Ef ekki er hægt að veita tilgreindar upplýsingar, skal ástæðu þess getið.“

46. gr.

Í þessari grein er fjallað um atriði sem koma eiga fram í skýrslu stjórnar. Reikningsskilaráð telur að það væri til bóta að gefa færi á að upplýsa um fjárhagslega áhættustýringu í skýringum. Flest fyrirtæki erlendis gera það þannig en ekki í skýrslu stjórnar.

51. gr. g (56. gr. L)

Í g (56. gr. L) Eftirlit með beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla segir svo:

„Fjármálaeftirlitið skal hafa eftirlit með því að félög, sem heyra undir eftirlit þess og skylt er að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðum eða nýta sér heimild til beitingar þeirra skv. 56.gr.J, beiti stöðlunum á réttan hátt. Ársreikningaskrá skal hafa eftirlit með öllum öðrum félögum sem skylt er að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum eða nýta sér heimild til beitingar þeirra, sbr. 56. gr. J.

Ársreikningaskrá og Fjármálaeftirlitið geta krafist allra þeirra upplýsinga og gagna sem nauðsynleg eru til að framkvæma eftirlitið, þ.m.t. vinnuskjöl endurskoðenda félaganna. Eftirlitið nær jafnframt til árshlutareikninga sem félög semja og birta almenningi.

Ársreikningaskrá og Fjármálaeftirlitið skulu hafa samstarf um verklag við eftirlit með beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla.

Ársreikningaskrá og Fjármálaeftirlitinu er heimilt að kalla aðila með sérfræðipækkingu til aðstoðar við eftirlit samkvæmt þessari grein.“

Reikningsskilaráð hefur eftirfarandi athugasemdir við þessa grein:

1. Mikilvægt að aðeins einn aðili sé ábyrgur fyrir eftirlitinu.

Reikningsskilaráð telur mikilvægt að fyrir hendi sé traust og trúverðugt eftirlitskerfi með framkvæmd alþjóðlegra reikningsskilastaðla við gerð fjárhagsupplýsinga hér á landi. Nauðsynlegt er að ábyrgð á eftirlitinu sé á einum stað til þess að jafnrétti, skilvirkni og yfirsýn skapast með eftirlitinu. Jafnframt ætti þeim sem ber ábyrgð á eftirlitinu að vera heimilt að útvísta eftirlitinu að undangenginni ítarlegri umræðu til eins eða fleiri aðila er hafa mikla sérfræðipækkingu á gerð reikningsskila, með tilliti til alþjóðlegu reikningsskilastaðlanna.

Ljóst er að tiltölulega fáum félögum verður skylt að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum. Í dag munu vera um 32 félög sem hafa hlutabréf sín skráð á aðallista og tilboðsmarkað Kauphallarinnar og af þeim yrðu hugsanlega 5 eftirlitskyld hjá Fjármálaeftirlitinu. Þannig er ljóst, skv. ákvæðum frumvarpsins, að langflest félög munu falla undir eftirlit Ársreikningaskrár. Þar sem frumvarpið heimilar fleiri félögum en þeim sem eru skyldug til þess að taka upp staðlanna þannig að líklegt er að mun fleiri fyrirtæki beita stöðlunum við ársreikningagerð sína. Í því samhengi telur Reikningsskilaráð og leggur áherslu á að þörf lítilla og meðalstórra fyrirtækja fyrir leiðsögn við að semja reikningsskil muni aukast í framtíðinni enda verður heildarregluverk reikningsskilastaðlanna sífellt flóknara og alþjóðlegra.

Ljóst er að örugg og skýr umgjörð um gerð reikningsskila, ekki síst skráðra félaga, er gríðarlegt hagsmunamál allra þeirra sem koma að íslenskum fjármálamarkaði. Fjöldi starfsmanna glíma við að gera reikningsskil félaganna a.m.k. fjórum sinnum á ári, atvinnulífið þrífst á stöðugum samiburði á rekstrarárangri félaganna - bæði innan og milli atvinnugreina, fjárfestar þurfa að reiða sig á reikningsskilin þegar þeir ákveða fjárfestingar sínar. Löggiltir endurskoðendur eiga að tryggja það að við gerð reikningsskila sé fylgt settum reglum og til þess þarf ákveðna stöðu gagnvart stjórndendum félaganna. Lánadrottinnar reiða sig á reikningsskilin við mat á möguleikum

og láns hæfi félaga. Eðlilegt er að þeir sem eiga mestra hagsmuni að gæta komi að eftirlitinu því að mikilvægi reikningsskilanna er þeim að fullu ljóst. Því er það eindregið álit ráðsins að hvorki Ársreikningaskrá né Fjármálaeftirlit séu réttir aðilar til að sinna því eftirliti þannig að sátt verði um gæði þess eftirlits, hlutlægni og framkvæmd.

Eðlilegt er að gera ráð fyrir að eftirlitið með beitingu staðlanna sé í höndum æðri stjórnsluyfirvalda sem séu óháðir pólitískum yfirvöldum og markaðsöflum. Þetta hindrar ekki að dagleg framkvæmd sé falin öðrum aðila sem verði undir eftirliti hinna æðri yfirvalda.

Reikningsskilaráð telur það grundvallaratriði ef koma á virku eftirliti að fela einum aðila heildarábyrgð á eftirlitsfyrirkomulaginu. Sá aðili sé tilnefndur af fjármálaráðherra m.a. samkvæmt tillögum frá utanaðkomandi notendahópum.

Viðfangsefni þess aðila sé að:

- Tryggja innleiðingu nýrra og breyttra alþjóðastaðla frá EB.
- Að fela þar til bærum aðila daglega framkvæmd á eftirliti með alþjóða reikningsskilastöðlum.
- Að fylgjast með og meta hugsanleg brot á alþjóðlegum stöðlum.
- Að veita álit þegar gagnrýnin beinist að skráðum fyrirtækjum eða það er beitt viðurlögum.

Ef fallist yrði á framangreindar tillögur um skipan eftirlitsins myndi g (56. gr.) breytast m.a. til þessa og fjalla eingöngu um skipan og verkefni þess aðila sem fer með heildarábyrgðina.

Ekki er nægilegt að mati ráðsins að Ársreikningaskrá og Fjármálaeftirlitið hafi samstarf um verklag við eftirlit með beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla. Heldur er nauðsynlegt að einn aðili sé ábyrgur fyrir eftirlitinu þó svo að hann geti fengið aðra aðila til þess að framkvæmda eftirlitið.

Ef Ársreikningaskrá verður falið það hlutverk að hafa eftirlit með alþjóðlegum reikningsskilastöðlum er stjórnskipuleg staða hennar í dag ekki í samræmi við væntanlegt verkefni hennar, og því verður að breyta. Það er að mati ráðsins að eftirlit með því að farið sé að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum er í raun neytendavernd fyrir þá sem sýsla með verðbréf félaga og er þess vegna er staðsetning hennar ekki í samræmi við framtíðarverkefni, þ.e. að heyra undir embætti Ríkisskattstjóra.

Þegar ákveðið er hver skuli bera ábyrgð á eftirliti með ársreikningum sem gerðir eru skv. alþjóðlegum reikningsskilastöðlum verður einnig að horfa til þess að væntanleg er tilskipun frá Evrópusambandinu um opinbert eftirlit með störfum endurskoðenda og upptöku alþjóðlegra endurskoðunarstaðla sem sambandið áætla að samþykkja um mitt þetta ár. Væntanlega mun þetta kalla á endurskoðun á lögum um endurskoðendur á næsta eða þar næsta þingi. Ekki væri óeðlilegt að opinbert eftirlit með störfum endurskoðenda myndi heyra undir sömu stofnun og hefði eftirlit með ársreikningum sem gerðir eru skv. alþjóðlegum stöðlum.

2. Hlutverk Reikningsskilaráðs

Í annan stað er ljóst að hlutverk og staða Reikningsskilaráðs muni breytast frá því sem nú er þar sem ráðið mun að öllum líkindum hætta að senda frá sér fyrir máli um reikningsskil þar sem alþjóðlegir staðlar eru mjög ítarlegir og lítil þörf að bæta einhverju við þá. Það er álit ráðsmanna að leggja eigi ráðið niður þar sem ekki er þörf á ráðinu m.v. nýja skipan þessara mála eins og frumvarpið gerir ráð fyrir.

Allar þessar breytingar koma til með að hafa áhrif á hlutverk og stöðu Reikningsskilaráðs. Það er ljóst að Reikningsskilaráð, hlutverk þess og markmið muni breytast frá því sem nú er, m.a. vegna þess að alþjóðlegu reikningsskilastaðlarnir eru mjög ítarlegir. Aftur á móti myndast ný hlutverk við þessar breyttu aðstæður, og ný markmið þurfa að vera sett. Eitt af þessum nýju hlutverkum er eftirlit með beitingu alþjóðlegu reikningsskilastaðlanna. Annað mikilvægt atriði er áframhaldandi þýðing á komandi reikningsskilastöðlum og samræming á íslenska textanum. Til að tryggja markmið reikningsskilastaðlanna verða fyrrgreind mál að vera í traustum farvegi. Markmið reikningsskilastaðlanna er krafan um að þjóna almenningi á Evrópska efnahagssvæðinu. Það er álit ráðsmanna að ekki er þörf á ráðinu m.v. nýja skipan þessara mála eins og frumvarpið gerir ráð fyrir og því eigi að leggja það niður.

3. Hlutverk Ársreikningaskrár

Í stað þess að fela Ársreikningaskrá eftirlit með ársreikningum sem gerðir eru upp skv. alþjóðlegum reikningsskilastöðlum þá mætti endurskilgreina hlutverk hennar. Fella mætti niður í reglugerð um ársreikningaskrá sem kveður á um eftirlitshlutverk þess. Þannig að meginhlutverk ársreikningaskrár yrði söfnun ársreikninga og miðlun upplýsinga úr þeim. Þannig að skýr greinarmunur yrði gerður á söfnun og varðveislu upplýsinga um félög og eftirlitshlutverkinu.

4. Beinn aðgangur að vinnugögnum endurskoðenda

Í g (56. gr. L) segir m.a.:

„Ársreikningaskrá og Fjármálaeftirlitið geta krafist allra þeirra upplýsinga og gagna sem nauðsynleg eru til að framkvæma eftirlitið, þ.m.t. vinnuskjöl endurskoðenda félaganna.“

Skv. 3. gr. og fleiri greinum ársreikningalaga ætti það að vera nokkuð skýrt að stjórn og framkvæmdastjóri skuli semja ársreikning og bera ábyrgð á innihaldi hans. Rétt er því talið að ársreikningaskrá og fjármálaeftirlitið krefji stjórn og framkvæmdastjóra um upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að framkvæma eftirlitið. Það er ekkert óeðlilegt, reynar sanngjörn krafa, gagnvart þeirri stofnun sem eftirlit hefur með höndum að hafa aðgang að gögnum þess aðila sem samþykkir birtingu reikningsskilanna. Hægt er að nefna í þessu sambandi að gögn, t.d. teikningar, byggingarfulltrúa sveitarfélaga eru opin þrátt fyrir að gögnin séu í eigu þeirra. Þessi aðgangur er hluti að neytendaverndinni að þjóna hagsmunum almennings á ESS svæðinu, eins og kveðið er á um í reglugerð (EB) Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002. Hluthafarnir getur verið búsettir hvar sem er á ESS

svæðinu. Eftirlitsstofnunin á fyrst og fremst að leitast við það að afla allra gagna og upplýsingar frá stjórn og framkvæmdastjóra viðkomandi félags, ef það ber ekki tilætlaðan árangur er aðgangur að vinnuskjölum viðkomandi endurskoðenda nauðsynlegur.

Til þess að skýra afstöðu ráðsins frekar fer hér á eftir tillaga að orðalagsbreytingum á g. lið 51. gr. (56. gr L.) um eftirlit með beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla:

„Ársreikningaskrá skal hafa eftirlit með beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla eða nýta sér heimild til beitingar þeirra, sbr. 56. gr. J.

Ársreikningaskrá getur krafist allra þeirra upplýsinga og gagna frá stjórn og framkvæmdastjóra félags sem nauðsynleg eru til að framkvæma eftirlitið. Eftirlitið nær jafnframt til árshlutareikninga sem félög semja og birta almenningi.

Ársreikningaskrá er heimilt að kalla aðila með sérfræðipækkingu til aðstoðar við eftirlitið samkvæmt þessari grein og óskað eftir því að ákveðnir aðilar sinni eftirlitinu í hennar umboði fyrir ákveðin félög.“

Til viðbótar mætti benda á að ef heimila ætti beinan aðgang að vinnuskjölum endurskoðenda þyrfti jafnframt að breyta lögum um endurskoðendur en í þeim lögum er beint ákvæði um að endurskoðendur séu bundnir þagnarskyldu um það sem þeir fá vitneskju um í starfa sínum og leynt á að fara. Þannig er öðrum óheimill aðgangur að vinnuskjölum endurskoðenda nema til komi lagabreyting.

51. gr. h (56. gr. M)

Í greininni segir m.a.:

„Um eftirlitsgjald þeirra aðila sem falla undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins fer samkvæmt lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Ársreikningaskrá sér um álagningu og innheimtu eftirlitsgjalds með þeim félögum sem heyra undir eftirlit hennar og eins og nánar er kveðið á um í 3.-7. mgr. og renna tekjur af gjaldinu í ríkissjóð.“

Hér er verið að leggja til að mismuna félögum eftir því í hvaða atvinnurekstri þau eru. Reikningsskilaráð telur ekki gott að gjaldendum eftirlitsgjaldsins sé mismunað og leggur því ráðið til að greininni verð breytt með eftirfarandi hætti:

„Um eftirlitsgjald þeirra aðila sem falla undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins fer samkvæmt lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Ársreikningaskrá sér um álagningu og innheimtu eftirlitsgjalds með þeim félögum sem heyra undir eftirlit hennar og [eftirlitsgjalds] eins og nánar er kveðið á um í 3.-7. mgr. og renna tekjur af gjaldinu í ríkissjóð.“

Til viðbótar vill Reikningsskilaráð benda á að eftirlitsgjaldið virðist geta orðið verulega hátt, sérstaklega ef samstæða margra fyrirtækja er skoðuð í heild sinni.

51 gr. e (56.gr. J)

Lokamálsliður 2. málsgreinar er mjög íþyngjandi og breyting frá fyrra frumvarpi þ.e. að skylda dótturfélag sjálfstætt til að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum.

54. gr.

Í þessari grein eru ákveðin þau stærðarmörk hvenær krefjast ber þess að endurskoðandi eða endurskoðunarfélag endurskoði ársreikninga félags. Í núgildandi lögum er ein af viðmiðunum að félag hafi fleiri en 50 starfsmenn (ármenn). Í frumvarpinu er þessi viðmiðun lækkuð í 25 starfsmenn.

Ákvæði frumvarpsins geta því verið verulega íþyngjandi fyrir ákveðin hóp lítilla fyrirtækja þar sem starfsmannafjöldi er á bilinu 25-50. Reikningsskilaráð leggur því til að mörkin verði óbreytt við 50 starfsmenn.

Ákvæði 54 gr. þarf að hugsa uppá nýtt, dæmi:

Félag sem er með veltu 3 milljarðar kr. og hagnað 500 milljónir kr. og efnahag 7 milljarðar kr. og starfsmannafjöldi er 35. Annað félag með veltu 800 milljónir kr. og hagnað 25 milljónir kr. og efnahag 1,5 milljarð króna og starfsmannafjölda 55. Er þetta réttlát og hvort fyrirtækjanna er „lítið“? Hér ætti frekar að vera rammaskilyrði um hversu mikil þjóðhagsleg áhrif hafa þessi fyrirtæki á sitt nánasta umhverfi, ásamt stærðarmörkum.

59. gr.

Í 2.tl. er vísað til endurskoðunarstaðla, hvaða endurskoðunarstaðla er verið að vísa til? Alþjóðlegu endurskoðunarstaðlarnir eru í raun einu staðlarnir sem settir hafa verið fyrir utan staðla í ákv. löndum t.d. í Bandaríkjunum. Alþjóðlegir endurskoðunarstaðlar hafa ekki formlegt lagagildi hér á landi. Hins vegar er vitað um væntanlega tilskipun Evrópusambandsins sem minnst var á í umfjöllun um 51. gr. g (56. gr. L) hér að framan. Þyrfti að skoða þetta orðalag frekar í samhengi við það hvaða staðlar hafa gildi hér á landi.

Endurskoðendur vísa yfirleitt til „góðrar endurskoðunarvenju“ sem gefur til kynnar að einhver fyrirmynd er höfð að endurskoðuninni, m.a. að fylgja ISBS stöðlunum (Independence Standards Board Standard). Einnig mætti nefna TILMÆLI FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR frá 16. maí 2002 um Óhæði löggiltra endurskoðenda í Evrópusambandinu: Grundvallarreglur, númer C(2002) 1873).

66. gr.


Í þessari grein er einungis breitt orðalagi til samræmis við aðrar breytingar sem gerðar eru í frumvarpinu. Hins vegar hefur ekki verið tekið á því að með upptöku á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum og túlkunum þeirra þá gefur augaleið að hlutverk og markmið með Reikningsskilaráði hlýtur að breytast sjá umfjöllun um 51. gr. g (56. gr. L) hér að ofan.

72. gr.

Hvers vegna var verið að breyta gildistökuákvæði varðandi ársreikninga skráðra félaga sem ekki eru með samstæðu og færa það frá 2009 til 2007? Miðað við röksemdir með fyrra frumvarpinu eru engar ástæður til þessara breytinga.

74. gr.

Vakin er athygli á því að í þessari grein er kveðið á um að lögin skuli gilda um ársreikninga og samstæðureikninga fyrir hvert það reikningsár sem hefjast 1. janúar 2005 eða síðar. Ljóst er að fyrirtæki sem skyldug verða til þess að taka upp alþjóðlega reikningsskilastaðla munu skila 3. mán. uppgjörum fyrir 2005 í byrjun apríl n.k. Þannig að ljóst er að verið er að leggja til afturvirka gildistöku í frumvarpinu sem kann að vera varasamt.



Two handwritten signatures in black ink. The first signature on the left is 'Sig. Jón' and the second signature on the right is 'Magnús Ólafsson'. A diagonal line is drawn between the two signatures.

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8 – 10,

Dagsetning
4. mars 2005

Tilvísun
A-8
LÖ/bb

150 REYKJAVÍK

Vísað er erindis efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 10. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Ríkisendurskoðunar um frumvarp til laga um ársreikninga, 480. mál, EES-reglur, reikningsskilastaðlar.

Til svars erindinu tekur Ríkisendurskoðun fram að hún telur að almennt muni umrætt frumvarp stuðla að því að ársreikningalögin verði bæði í samræmi við reglur og tilskipanir ES á sviði reikningskila um leið og þau eru færð til nútímalegra horfs í ljósi þróunar á þessu sviði á síðustu árum. Stofnunin hvetur því til þess að þetta mikilvæga mál fái vandaða umfjöllun og verði afgreitt á yfirstandandi þingi. Að öðru leyti leyfir hún sér að vísa til umsagnar Reikningsskilaráðs um efni frumvarpsins, en eðli málsins samkvæmt tók ríkisendurskoðandi þátt í samningu hennar, sbr. 79. gr. nógildandi ársreikningalaga.

Sý þátt /
Árnór Þorgeirsson

Alþingi, efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

DAGSETNING

TILVÍSUN

Reykjavík, 1. mars 2005 2005020215
T-ums 3/05

Efni: Umsögn um 480 mál, frumvarp til laga um breyting á lögum um ársreikninga.

Með bréfi háttvirtrar efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dagsettu 10. febrúar 2005, er óskað eftir umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breyting á lögum um ársreikninga nr. 144/1994.

Ríkisskattstjóri hefur kynnt sér efni frumvarpsins sem fjallar um innleiðingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla (IAS-staðla) og gildissvið þeirra gagnvart félögum með takmarkaða ábyrgð eignaraðila, sem annars vegar yrði skylt að beita IAS- stöðlum og hins vegar heimild þeirra, er uppfylla ákveðin skilyrði til að beita IAS-stöðlunum við reikningsskil sín. Þá skal ennfremur fylgja opinbert eftirlit með þeirri beitingu staðlanna. Jafnframt eru gerðar breytingar á lögnum sem miða að því að afnema mismun sem kann að vera á milli einstakra ákvæða laganna um reikningsskil og samsvarandi ákvæða sem fram hafa verið sett í IAS-stöðlunum í þeim tilgangi að önnur en fyrr nefnd félög geti við reikningsskil sín höfðað til þessara alþjóðlegru reikningsskilareglna. Þá eru mörg ákvæði laganna endursamin og færð til betri vegar.

Ríkisskattstjóri hefur engar athugasemdir við þær breytingar sem leiða af innleiðingu IAS-staðlanna eða aðrar þær efnisbreytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu. Bendir aftur á móti á að allt frá því að verðbólgu-reikningsskil í skattskilum voru tekin upp á árinu 1979, framtalsárið 1980, hefur komið fram mismunur milli afkomutalna ársreiknings og reikningsskila til ákvörðunar á skatti þar sem ákvæði laga um tekjuskatt og eignarskatt, m.a. um lotun tekna og gjalda (þ.á m. hvenær gengismunar verðbréfa og söluhagnaðar eigna er skattlagður) og mat á margvíslegum eignum hafa ekki farið saman við ákvæði laga um ársreikninga. Flest félög hafa því í reynd verið með tvenns konar reikningsuppgjör, ársreikning fyrir hluthafa og annarra lesenda reikningsskila félagsins og annað fyrir skattskil. Ljóst er að enn meiri munur getur orðið milli afkomutalna ársreiknings og skattframtals með innleiðingu alþjóðlegru reikningsskilastaðlanna.

Ríkisskattstjóri vill aftur á móti gera athugasemdir við það ákvæði frumvarpsins er lýtur að eftirliti sem gert er ráð fyrir að komið verði á fót í tengslum við innleiðingu IAS-staðlanna.

Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að í 16. lið inngangsorða reglugerðar (EB) nr. 1606/2002 að forsenda fyrir því að styrkja traust fjárfesta á fjármálamörkuðum sé að

komið sé á viðeigandi og ströngu eftirlitskerfi til að framfylgja gildandi reglum. Samkvæmt 3. gr. EES-samningsins (10. gr. Rómarsáttmálans) er aðildarríkjum skylt að gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að farið sé að alþjóðlegu reikningsskilastöðlunum. Framkvæmdastjórn ESB setti á fót sjálfstæða nefnd evrópskra eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði, CESR (e. Committee of European Securities Regulators), til að vinna að þróun sameiginlegrar stefnu við að framfylgja alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IAS/IFRS). Hlutverk CESR er að stuðla að samvinnu og samræmingu meðal eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði og gefa út grunnreglur um innleiðingu og framkvæmd reikningsskilastaðlanna.

Í G-lið 51. gr. frumvarpsins sem á að verða 56. gr. L laganna er kveðið á um að tvær stofnanir, Fjármálaeftirlitið, FME, og ársreikningaskrá sem ríkisskattstjóri starfrækir, hafi eftirlit með að félög beiti alþjóðlegum reikningsskilastöðlum. Annars vegar er gert ráð fyrir að FME skuli hafa eftirlit með þeim félögum sem sækja starfsleyfi sín til FME. Það eru fjármálafyrirtæki og váttryggingafélög, hvort sem þau eru skráð á skipulegum verðbréfamarkaði eða ekki. Hins vegar skal ársreikningaskrá hafa eftirlit með öllum öðrum félögum sem skylt er að beita eða nýta sér heimild til að beita IAS-stöðlunum. Það geta verið bæði skráð félög á skipulegum verðbréfamarkaði sem og óskráð félög. Skráð félög á skipulögðum verðbréfamarkaði sem og óskráð félög á markaði féllu því annað hvort undir eftirlit FME eða ársreikningaskrá. Fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu að með þessu fyrirkomulagi sé verið að koma í veg fyrir skörun á milli Fjármálaeftirlits og ársreikningaskrár.

Þessi tillaga um að skipta eftirlitinu milli tveggja stofnana virðist vera gerð til að nýta núverandi eftirlitsþætti þessara tveggja stofnana í stað þess að stofna nýja eftirlitsstofnun. Þetta sjónarmið er eitt og sér mjög skiljanlegt. Þá er lagt til að FME fari með eftirlit með þeim félögum sem nú þegar eru undir eftirliti og háð starfsleyfi þess en ársreikningaskrá hafi eftirlit með öllum öðrum félögum til viðbótar því eftirliti sem sú stofnun hefur nú með skilum á ársreikningum til opinberra birtingar og eftirlit með formlegri framsetningu þeirra.

Ríkisskattstjóri dregur mjög í efa að það geti gengið upp að tvær stofnanir geti farið með þetta eftirlit sameiginlega með sitt hvorum fyrirtækjahópnum svo vel fari jafnvel þótt tekið sé fram að stofnanirnar skuli hafa „samstaf og um verklag við eftirlit“ og telur ríkisskattstjóri að tilhögun þessi samrýmist vart þeim tilgangi framkvæmdastjórnar ESB að koma á viðeigandi og ströngu eftirlitskerfi.

Til að rökstyðja þetta vill ríkisskattstjóri benda á eftirfarandi atriði um starfsemi og hlutverk þessara tveggja stofnana.

Samkvæmt 1. mgr. 78. gr. laga um ársreikninga er starfsemi og hlutverk ársreikningaskrár að taka á móti ársreikningum og samstæðureikningum félaga sem skyld eru að birta ársreikninga sína opinberlega og fylgja því eftir að skilaskyldu sé sinnt með viðeigandi ráðstöfunum. Ársreikningaskrá gerir úrtakskannanir á ársreikningum og samstæðureikningum eftir því sem tilefni er til í þeim tilgangi að ganga úr skugga um að reikningsskilin séu í samræmi við formreglur laganna, þ.e. framsetning þeirra sé formlega rétt, skýringar með ársreikningi og upplýsingar í skýrslu stjórnar séu í samræmi við lög og reglur svo og mat eigna og skulda, tekna og gjalda. Þá er kannað hvort áritunar

endurskoðenda sé krafist eða heimilt sé að skoðunarmenn áriti ársreikninginn og hvort skilyrði séu uppfyllt til að skila samandregnum ársreikningum o.þ.h. eftirlit

Kveðið er á um starfsemi og hlutverk FME í lögum nr. 87/1998, um fjármálastarfsemi. Hlutverk þess er í stuttu máli að fylgjast með því að starfsemi og rekstur eftirlitsskyldra aðila, sem eru fjármálafyrirtæki og váttryggingafélög, séu í samræmi við lög og reglur og að öðru leyti í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti. Þar má nefna að annast athugun á útboðslýsingum, eftirlit með framkvæmd reglna um innherjaviðskipti og tryggja rétta meðferð innherjaupplýsinga, kanna markaðsmisnotkun, fylgjast með flöggunar skyldu félaga og yfirtökutilboða. Enn fremur skal FME setja fjármálafyrirtækjum reglur um uppsetningu ársreiknings, innihald einstakra liða rekstrar- og efnahagsreiknings og liða utan efnahagsreiknings og skýringar og mat á einstökum liðum. Það getur að sjálfsgöðu verið liður í starfi FME að hafa eftirlit með reikningsskilum félaga sem háð eru starfsleyfi þess en það væri þá á sama veg og er í dag, þ.e. almennt eftirlit í meðferð fjárhagsupplýsinga í ársreikningi.


Eins og fyrr segir er gert ráð fyrir í reglugerð ESB nr. 1606/2002 að virkt og strangt eftirlit sé með þeim félögum sem skylt verður að beita IAS-stöðlunum og þeim félögum sem nýta sér heimildina. Eftirlit með beitingu reikningsskilastaðla verður að vera markvisst og ekki háð neinni annarri rannsókn á öðrum þáttum í rekstri félaganna. Eftirlit með reikningsskilum félaga sem beita IAS-stöðlunum í þeim tilgangi að tryggja að þeim sé rétt beitt verður ný tegund eftirlits og hrein viðbót við það eftirlit sem framangreindar stofnanir hafa með að gera. Þetta eftirlit mun krefjast sérhæfðs eða sérmenntaðra starfsmanna sem í dag eru ekki á hverju strái. Stofnanirnar yrðu því að biðla til sömu starfsmanna til að starfa að þessu eftirliti. Enda þótt heimild yrði til að kalla til aðila með sérfræðipækkingu til aðstoðar við eftirlitið getur það ekki gengið að endurskoðendur væru almennt kallaðir til að gera rannsóknir á vinnu hvors annars.

Ríkisskattstjóri vill leggja áherslu á það sjónarmið í umsögn þessari að til að ná fram skilvirku og öflugu eftirliti, sé farsælast að eftirlitshlutverk þetta sé einvörðungu á einni hendi. Embættið lýsir sig jafnframt reiðubúið til að taka við þessu verkefni og byggja það upp samhliða öðrum tengdum verkefnum, sem færð hafa verið yfir til embættis ríkisskattstjóra á liðnum árum enda verði jafnframt ákveðið að auka fjárveitingar til stofnunarinnar. Til þess að gera það með fullnægjandi hætti þyrfti að ráða til embættisins starfsmenn sem sérfróðir eru á sviði reikningskila. Embættið hefur ekki yfir slíkum starfsmönnum að ráða í þeim mæli sem nauðsynlegt væri vegna hins nýja verkefnis en þeir myndu jafnframt styrkja stofnunina í öðrum verkefnum hennar.

Að lokum er bent á að ákvæði vantar um að heimilt eða skylt verði að birta opinberlega niðurstöður rannsókna á beitingu IAS-staðlanna.

Virðingarfyllt


Indriði H. Þorláksson


Ingvar J. Rögnvaldsson



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8 - 10
150REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 131/1121
komudagur 22.3.2005

22. mars 2005

Efni: Frumvarp til laga um breytingar á lögum um ársreikninga, 480. mál.

Með frumvarpinu er leidd í lög reglugerð (EB) nr. 1606/2002, um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla. Samtök atvinnulífsins lýsa almennri ánægju með frumvarpið en vilja gera athugasemd við þann þátt frumvarpsins sem lýtur að eftirlitsþætti laganna. Samtökin komu sjónarmiðum um eftirlitsþáttinn á framfæri við fjármálaráðuneytið á undirbúningsstigi í sameiginlegu bréfi með SBV, dags. 13. ágúst 2004, og fylgir það með umsögn þessari. Því miður ber frumvarpið þess merki að ekki hafi verið tekið tillit til sjónarmiða atvinnulífsins varðandi eftirlitsþáttinn.

Samkvæmt 51. gr. g-lið skal Fjármálaeftirlitið hafa eftirlit með því að félög, sem heyra undir eftirlit þess og skylt er að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum beiti stöðlunum á réttan hátt. Öll önnur félög, sem skylt er að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum skulu lúta eftirliti stofnunar að nafni Ársreikningaskrá.

Eftirlitskerfið er með öðrum orðum tvöfalt, þ.e. á tveimur stöðum og með tvöföldum kostnaði. Þetta er slæm niðurstaða. Í fyrsta lagi skapar eftirlit á tveimur stöðum þá hættu að ósamræmi verði í framkvæmd eftirlitsins og í öðru lagi er verið að leggja í óþarfa tilkostnað. Þekking á málaflöknum er þegar til staðar í Fjármálaeftirlitinu og því hagkvæmur kostur að fella allt eftirlit undir þá stofnun.

Í 51. gr. h-lið er fjallað um eftirlitsgjöld. Í 4. mgr. 2. tölulið segir að eftirlitsgjald dótturfélaga innan samstæðu skuli vera 150.000 með hverju félagi. Þetta má ekki standa óbreytt því samstæða getur hæglega haft tugi eða jafnvel hundruði dótturfélaga innan sinna vébanda og gæti þessi kostnaður því haft áhrif á það hvernig félög skipuleggja rekstur sinn.

SA telja framangreind ákvæði skaðleg fyrir samkeppnishæfni atvinnulífsins og óska þess að Alþingi færi þau til betri vegar. Um önnur atriði vísast til umsagnar Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja, dags. 21. mars 2005.

Virðingarfyllst,


Hannes G. Sigurðsson



21. mars 2005

Alþingi,
efnahags- og viðskiptanefnd,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frv. til l. um brt. á l. um ársreikninga (480. mál)

SBV vilja koma á framfæri athugasemdum við ofangreint þingmál, þótt formleg umsagnarbeiðni hafi ekki borist frá nefndinni.

Meginathugasemd SBV lítur að þeirri ætlun frumvarpsins að viðhafa tvöfalt eftirlit með framkvæmd alþjóðlegra reikningsskilastaðla. Sú tilhögun er beinlínis til þess fallin að skerða samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja í alþjóðlegu viðskiptaumhverfi.

Aðkoma SBV að undirbúningsvinnu frumvarpsins

SBV áttu fulltrúa í ráðgefandi hópi sem vann með ráðuneytinu að samningu ákvæða um innleiðingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla, sbr. reglugerð EB nr. 1606/2002, sem birt er sem fylgiskjal með frumvarpinu. Ekki var hins vegar leitað álitis þess hóps á öðrum breytingum á lögnum sem frumvarpið felur í sér. Þá var óútkljáð hvernig færi með efirlit með framkvæmd alþjóðlegra staðlanna, þegar fyrrgreindur ráðgjafahópur var leystur upp.

Áherslur SBV í bréfum til ráðherra árið 2003

Áherslur SBV á mikilvægi þessarar vinnu komu fyrst fram í bréfi til fjármálaráðherra 11. mars 2003 (fylgiskjal 1) þar sem lögð var áhersla á aðlögun íslenskra ársreikningalaga að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum og bent á að héraend löggjöf hefði ekki þróast í takt við erlendar reglur á þessu sviði. Í bréfinu var gerð tillaga um að ný lög hefðu að geyma rúm ákvæði, en nánari útfærsla yrði falin reikningsskilaráði, sem væri eftt til muna. Undirstrikað var mikilvægi þess að vinna hratt að málinu. Í svarbréfi ráðuneytis frá 8. maí 2003 kom fram að stjórnvöld hafi lítið svigrúm í þessum efnun þar sem EB-tilskipanir gangi fram. Þar kom einnig fram að stefnt væri að því að ljúka vinnu við setningu alþjóðlegra reikningsskilastaðla eigi síðar en 1. janúar 2005.

Í svarbréfi SBV til ráðherra sent 20. júní 2003 (sjá fylgiskjal 2) var lögð þung áhersla á mikilvægi þess að málinu yrði hraðað svo að nýjar reglur lægju fyrir eigi síðar en 2004, sem gæfi héraendum fyrirtækjum tíma til að aðlagast sig að nýjum alþjóðlegum reglum sem tækju gildi 1. janúar 2005.

Málið dregist alltof mikið á langinn

Í ljósi framangreinds er miður hvað öll vinna við þetta mál hefur dregist, meðan nágrannaþjóðir okkar hafa lokið innleiðingu nýrra reglna, ýmist árið 2003 eða 2004.

Athugasemdir við einstakar greinar

2. gr. (sbr. 2. gr. laganna)

Leggjast þarf betur yfir einstakar skilgreiningar. Sem dæmi er eðlilegra að félag sé skilgreint sem: „félag skv. 1. gr.“ – en ekki „fyrirtæki skv. 1. gr.“ og að í skilgreiningu á ársreikningaskrá sé fremur

talað um „stofnun“ en „skrá“, a.m.k. ef hlutverki hennar verður breytt. Þá á síðari hlutinn undir skilgreiningu á móðurfélagi (við útreikning á atkvæðamagni skal ...) ekki heima í þessari grein, enda ekki um skilgreiningu heldur efnisreglu að ræða. Loks er þörf á að skilgreina fleiri þætti, svo sem „ársreikning“ og „afleiðusamninga“. Þá er rétt að huga betur að fallbeygingu í texta einstakra skilgreininga (t.d. undir „félagsaðili“).

15 gr. (sbr. 16. gr. laganna)

Ákvæðið samrýmist ekki alþjóðlegu reikningsskilastöðlunum. Þá er ákvæðið úr takti við hlutfélagalögin, sem kveða á um að aðalfundur taki endanlega ákvörðun um arðgreiðslur en ekki stjórn. Æskilegt er að samræmi sé á milli laga og þar sem því er við komið sé reynt að færa ársreikningalögin nær alþjóðlegu reikningsskilastöðlunum.

18. gr. (sbr. 19. gr. laganna)

Lagt er til að síðari málsliður efnismálsliðar falli brott, enda gengur ákvæðið beinlínis gegn alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, sem heimila ekki slíka eignfærslu. Með slíku ákvæði væri þannig verið að ýta undir ólíka nálgun hérlendis og erlendis.

44. gr. (sbr. 51. gr. laganna)

Lokamálsliður a-liðar (51. gr. A) er óskýr í ljósi málsliðarins sem á undan fer.

Lagt er til að í stað „...við samstæðureikningsskil vegna viðskipta innan samstæðunnar“ komi:

„ við samstæðureikningsskil vegna viðskipta milli móðurfélags og dótturfélags eða dótturfélaga innbyrðis“ „,

46. gr. (sbr. ný 52. gr. A)

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að öllum fyrirtækjum, stórum og smáum, sé gert skylt að upplýsa ítarlega í skýrslu stjórnar um áhættustýringaraðferðir og virðist þessa skylda hvíla á félögum jafnvel þó að sambærilegar upplýsingar komi fram í skýringum með ársreikningi. Eðlilegt er að skýrt komi fram í lögum að heimilt verði í þessu sambandi að í skýrslu stjórnar sé vísað til upplýsinga sem koma fram í skýringum með ársreikningi um þessi atriði, til að ekki þurfi að endurtaka ítarlega útlistun á þessum þáttum þar.

51. gr. – c-liður. (sbr. ný 56. gr. A)

Lagt er til að 2. másl. 2. mgr. falli brott.

Alþjóðlegum reikningsskilastöðlum er fyrst og fremst ætlað að taka til samstæðureikninga skráðra félaga, auk móðurfélaga þeirra. Séu dótturfélög þessara félaga ekki gerð upp í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla þá er undirliggjandi reikningum umbreytt til samræmis við reikningsskilareglur samstæðunnar. Þar með er náð þeim tilgangi að samstæðureikningurinn sé í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla. Engin þörf er hins vegar á því að gera kröfu um að dótturfélögin, sem slík, setji ársreikninga sína upp í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla með tilheyrandi umfangi skýringa. Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga að í einhverjum tilfellum getur verið um að ræða erlent dótturfélag sem er óheimilt að gera upp skv. alþjóðlegum reikningsskilastöðlum samkvæmt lögum þess lands þar sem félagið er skráð.

Ákvæðið er þannig bæði óþarft og verulega kostnaðarlega íþyngjandi.

51. gr. - g-liður. (sbr. ný 56. gr. K)

SBV og SA fengu drög að umræddu frumvarpi til umsagnar síðastliðið sumar og sendu ráðuneytinu sameiginlega umsögn um það í ágúst 2004 (fylgiskjal 3). Meginábinging samtakanna var sú að vandlega yrði hugað að eftirlitsþætti laganna varðandi framkvæmd alþjóðlegra reikningsskilastaðla, þannig að bæði væru tryggð gæði eftirlits, þ.e. sjálfstæði og þekking, og hægkvæmni. Í umsögninni bentu SA og SBV á að betra væri að fela Fjármálaeftirlitinu þetta hlutverk, enda bæði sjálfstæði og þekking á reikningsskilum þar til staðar. Þó þyrfti að tryggja að kostnaði við slíkt eftirlit yrði skipt í sanngjörnu hlutfalli milli þeirra aðila sem heyra undir FME annars vegar og annarra félaga sem beita munu alþjóðlegum reikningsskilum hins vegar.

Í frumvarpinu sem liggur fyrir Alþingi er gert ráð fyrir tvöföldu eftirliti. Annars vegar hafi FME eftirlit með framkvæmd alþjóðlegra reikningsskila hjá fjármálafyrirtækjum en hins vegar

Ársreikningaskrá hjá öðrum aðilum. Að mati SBV er hér um vonda niðurstöðu að ræða. Vísast þar aftur í fyrrgreinda umsögn frá ágúst 2004, en gagnrýnispunktarnir eru þessir:


- Eftirlit á tveimur stöðum skapar hættu á að gæðum eftirlitsins verði misskipt þ.e. að eftirlit með sumum félögum verði síðra en með öðrum. Slíkt fellur illa að auknum áherslum á sem faglegust og samræmdust vinnubrögð stjórnáslunnar vegna alþjóðlegrar samkeppni.
- Þekking er dýr og Ísland er lítið land. Það er kostnaðarsamt að þurfa að byggja upp eftirlit á nýjum stað.
- Fjármálaeftirlitið er sjálfstætt í störfum sínum og þekking á þessum málaflokki er þar þegar til staðar.

Þessi þáttur frumvarpsins skiptir verulegu máli og yrði beinlínis skaðlegt fyrir samkeppnishæfni íslensks viðskiptalífs að samþykkja það með þessum hætti.

51. gr. – h-liður.

Ljóst er að 2. tölul. 4. mgr. getur ekki staðið óbreyttur. Afmarka þarf mun betur hvaða dótturfélög geta fallið þarna undir. Oft er um að ræða mikinn fjölda dótturfélaga, sum jafnvel alveg óvirk. Þá getur einnig verið um að ræða erlend dótturfélög, sem lúta ekki eftirlitsvaldi héraðsra stjórnvalda. Hin leiðin til úrbóta, og kannski sú einfaldasta, væri einfaldlega að fella brott 2. tölul., en breyta þess í stað efni 1. töluliðar þannig að hann næði til jafnt móðurfélaga sem samstæða. Hafa ber í huga að ákvæðið eins og það stendur nú er fallið til að hafa óeðlileg áhrif á hvernig fyrirtæki skipuleggja rekstur sinn. Það er óviðundandi að ákvæði um skiptingu kostnaðar hafi slík áhrif.

Virðingarfyllst,



Guðjón Rúnarsson,
framkvæmdastjóri



Reykjavík, 20. júní 2003

Fjármálaráðherra,
Geir H. Haarde

Efni: Reikningsskilareglur

SBV hafa mótttekið bréf ráðuneytisins dags. 8. maí þar sem fram kemur að íslensk stjórnvöld hafi fylgt ákvæðum EB-tilskipana um reikningsskil og því sé ekki hægt að ganga lengra eins og SBV óskuðu eftir með bréfi sínu 11. mars. Einnig er greint frá því að ESB hafi á síðasta ári sett reglugerð sem mælir fyrir um að taka skuli upp alþjóðlega reikningsskilastaðla á EES-svæðinu fyrir árið 2005 og íslensk stjórnvöld hafi þegar hafið vinnu við að innleiða þá. Stefnt sé að því að þeirri vinnu ljúki fyrir 1. janúar 2005.

SBV ítreka ábendingu sína um að núverandi ársreikningalög séu engan veginn í samræmi við alþjóðlega þróun. Endurspeglast það vel í því að hérlend stórfyrirtæki sem eru einnig með veruleg umsvif erlendis sjá sér ekki annað fært með tilliti til hinnar erlendu starfsemi en að miða reikningsskil sín við erlenda staðla. Í flestum tilvikum er þá stuðst við alþjóðlega staðla. Fyrirtækjunum er þannig nauðugur einn kostur að sveigja reikningsskil sín að hluta fram hjá hérlendum lögum um ársreikninga, en sú staða er vissulega með öllu óviðunandi fyrir þau.

Eins og fram kemur í bréfi ráðuneytisins er ljóst að íslensk fyrirtæki munu skyld að fylgja alþjóða reikningsskilastöðlum frá og með því uppgjörstímabili sem hefst 1. janúar 2005. Það leiðir til þess að samanburðarfjárhæðir fyrir árið 2004 verða að vera gerðar með sama hætti og skylt verður að gera upp samkvæmt á næsta uppgjörstímabili. Af þeim sökum er nauðsynlegt að ný lög, með breyttum reglum, taki gildi sem fyrst þannig að rúm gefist til að gera árið 2004 samkvæmt nýjum lögum. SBV leggja því ríka áherslu á að vinna að nýrri lagasetningu hefjist strax og verði lokið sem allra fyrst.

Þá leggja SBV sérstaka áherslu á að stjórnvöld forgangsraði tilteknum atriðum sem er að finna í alþjóðastöðlum í dag. Þar er sérstaklega bent á reglur um bókhaldslega meðferð viðskiptavildar (goodwill), við kaup og sölu fyrirtækja, og reglur um hvernig farið skuli með ýmsar nýjar tegundir fjármálagerna sem eru utan efnahags. Ekki hefur verið hægt að styðjast við gildandi ársreikningalög í þeim efnum. Við þá vinnu væri m.a. rétt að hafa hliðsjón af reikningsskilareglum í helstu nágrannalöndum okkar, sem hafa að geyma mun ítarlegri reglur í þessum efnum.

SBV lýsa sig reiðubúin að vinna með ráðuneytinu og öðrum aðilum sem það kallar í þessa vinnu svo takast megi að ná þessum markmiðum í tæka tíð.

Virðingarfyllst,

Guðjón Rúnarsson,
framkvæmdastjóri

Reykjavík, 11. mars 2003

Fjármálaráðherra,
Geir H. Haarde


Efni: Lög og reglur um ársreikninga og reikningsskil

Samtök banka og verðbréfafyrirtækja (SBV) hafa fylgst vel með og tekið þátt í umræðu um reikningsskil fyrirtækja síðustu misseri. Hafa SBV m.a. átt fundi með Félagi löggiltra endurskoðenda þar sem þau mál voru rædd. Skýr og skynsamlega útfærð reikningsskil eru einn af hornsteinum skilvirks fjármálamarkaðar. Í ljósi aukinnar alþjóðavæðingar íslenskra fyrirtækja er orðið enn brýnna en fyrr að reglurnar séu ekki aðeins skýrar og samræmdar, heldur einnig að þær séu í takt við þá þróun sem á sér stað í alþjóðareikningsskilum. Í umsögn SBV um það frumvarp sem verið hefur til meðferðar á Alþingi um breytingu á lögum um ársreikninga er lögð sérstök áhersla á þetta atriði.

Að mati SBV er ljóst að meginvandamál gildandi ársreikningalaga, með þeim breytingum sem nú er verið að gera á þeim, er það misræmi sem er á alþjóðareikningsskilastöðlum annars vegar og EB-tilskipunum sem ekki hafa þróast nægilega hratt í takt við þá staðla hins vegar. SBV telja rétt að hverfa af þeirri braut að hafa mjög þétttriðið regluverk um reikningsskil í íslenskum lögum. Betra sé að láta lögina geyma tiltölulega rúm ákvæði, en samhliða væri reikningsskilaráð eftt til muna og því falið að útfæra nánari reglur með setningu reikningsskilastaðla. Það er ósk SBV að ráðherra hlutist til um að setja af stað nefnd sem væri falið að vinna að þessu markmiði, þannig að ráðast megi í slíkar breytingar jafnvel þegar á næsta haustþingi.

SBV lýsa sig reiðubúin að skýra sín sjónarmið betur ef þess verður óskað.

Virðingarfyllst,



Guðjón Rúnarsson,
framkvæmdastjóri

Afrit sent:
Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis



Alþingi
Erindi nr. P 131/966
komudagur 4. 3. 2005

4. mars 2005
SI-21413

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Með bréfi dags. 10. febrúar sl. óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um ársreikninga, 480. mál, EES-reglur, reikningsskilastaðlar.

Seðlabanki Íslands tekur ekki afstöðu til einstakra ákvæða frumvarpsins er varða gerð ársreikninga enda utan lögbundins hlutverks hans og hann ræður ekki yfir sérþekkingu til þess. Hins vegar bendir bankinn á að óhagkvæmt gæti reynst að skipta eftirliti með reikningsskilum skráðra félaga á milli Fjármálaeftirlitsins og Ársreikningaskrár eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Þá má benda á hættu á að eftirlit með reikningsskilum verði ómarkvisst þar sem beinar refsheimildir eftirlitsaðila er ekki að finna í frumvarpinu.

Seðlabankinn telur eðlilegt og rökrétt að Fjármálaeftirlitið hafi eftirlit með reikningsskilum skráðra félaga sem þegar sæta eftirliti af þess hálfu á grundvelli laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Bankinn leggur til að Fjármálaeftirlitinu verði að auki falið eftirlit með reikningsskilum allra annarra skráðra félaga og félaga sem kunna að kjósa að nýta sér heimild til beitingar alþjóðlegra reikningsskilastaðla. Óhjákvæmilegt er að Fjármálaeftirlitið hafi innan sinna raða starfsfólk með sérþekkingu á sviði reikningsskila og alþjóðlegra reikningsskilastaðla (IFRS staðla). Óhagkvæmt og kostnaðarsamt er að áskilja að vegna eftirlits með reikningsskilum þurfi sú sérfræðiþekking einnig að vera til staðar í annarri ríkisstofnun, Ársreikningaskrá. Fjármálaeftirlitið er aðili að og tekur þátt í störfum CESR (e. Committee of European Securities Regulators) en hlutverk nefndarinnar lýtur m.a. að mótun sameiginlegrar stefnu ESB landanna við að framfylgja alþjóðlegum reikningsskilastöðlum. Einnig má benda á hættu á að mismunandi aðferðum verði beitt við eftirlitið og að viðbrögð við brotum verði ólík þegar tvær stofnanir sjá um eftirlit með reikningsskilum skráðra félaga. Þvi yrði bæði hagkvæmara og markvissara að eftirlitlitið yrði á einni hendi, þ.e. hjá Fjármálaeftirlitinu, enda verði tryggð fjármögnun með eftirlitsgjaldi, sbr. 51. gr. frumvarpsins.


SEÐLABANKI ÍSLANDS

KALKOFNSVEGI 1 · 150 REYKJAVÍK
SÍMI: 569 9600 · NETFANG: sedlabanki@sedlabanki.is · BRÉFASÍMI: 569 9605

Seðlabankinn bendir einnig á að ekki er gert ráð fyrir viðurlagaheimildum eftirlitsaðila í tengslum við eftirlit með reikningsskilum skráðra félaga, en í frumvarpinu er vísað til 1. tlf. mgr. 84. gr. núgildandi laga um ársreikninga sem fjallar um ábyrgð stjórnarmanna og framkvæmdastjóra félaga ef þeir haga reikningsskilum ekki í samræmi við lög. Í 88. gr. l. 144/1994 um ársreikninga segir að ríkislögreglustjóri fari með frumrannsókn opinberra mála vegna brota á lögnum. Þetta leiðir til þess að eftirlitsaðilinn þyrfti að vísa málum vegna brota á lögnum til ríkislögreglustjóra til rannsóknar og afgreiðslu. Það er bæði tafsamlegt og mannaflafrækt.

Seðlabankinn telur því að huga verði að heimildum til þess að beita fjársektum líkt og Fjármálaeftirlitið hefur heimild til á afmörkuðum sviðum í eftirliti á verðbréfamarkaði.

Virðingarfyllt
SEÐLABANKI ÍSLANDS



Birgir Ísleifur Gunnarsson
formaður bankastjórnar



Jón Sigurðsson
bankastjóri

Alþingi
Erindi nr. P 131/1071
komudagur 14. 3. 2005



ALÞINGI ÍSLENDINGA
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8 – 10

SKATTRANNSÓKNARSTJÓRI
RÍKISINS

150 REYKJAVÍK

TILVÍSUN

DAGSETNING

SEB/eeg/05/0635

11.03.2005

Efni: Umsögn skattrannsóknarstjóra ríkisins vegna Frumvarps til laga um ársreikninga, 480. mál, EES reglur, reikningsskilastaðlar.

Skattrannsóknarstjóra ríkisins hefur borist bréf Efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis dags 9. febrúar 2005 þar sem óskað er umsagnar skattrannsóknarstjóra ríkisins um Frumvarp til laga um ársreikninga, EES reglur, reikningsskilastaðlar 480. mál, þingskjal 734. Af því tilefni er Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis látin í té svohljóðandi:

u m s ö g n :

Aðalefni frumvarpsins er um þá staðla sem nota á við uppgjör og samningu ársreikninga. Verður að telja að það hafi verið mikið afrek að þýða þessa staðla og ganga frá þeim í frumvarpsform. Athugasemdir skattrannsóknarstjóra ríkisins lúta fyrst og fremst að eftirliti með að farið sé að lögum um ársreikninga.

Í frumvarpinu er slíkt eftirlit látið vera tvískipt, annars vegar hjá Ársreikningaskrá ríkisskattstjóra og hins vegar hjá Fjármálaeftirlitinu. Ekki kemur skýrlega fram í frumvarpinu og athugasemdum með því hvers vegna þessi leið er valin. Telja verður að skynsamlegra sé að slíkt eftirlit sé allt á sama stað og rökrétt að það sé hjá ársreikningaskrá og einn aðili fari þannig með almenna framkvæmd á lögum um ársreikninga og gangi eftir að þeim lögum sé framfylgt. Ef framkvæmdin yrði samkvæmt frumvarpinu ætti eftirlit með því að ársreikningalögum yrði framfylgt að heyra undir tvö ráðuneyti, annars vegar Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið þar sem Fjármálaeftirlitið heyrir undir það ráðuneyti og hins vegar Fjármálaráðuneytið en ríkisskattstjóri vegna ársreikningaskrár heyrir undir það. Þá er það einnig umhugsunarefni að væntanlega myndi eftirlit með því að stöðlum sé framfylgt fyrst og fremst beinast að endurskoðendum fyrirtækjanna auk þeirra sjálfra en málefni endurskoðenda heyrja enn fremur undir Fjármálaráðuneytið.

Þá er gjaldtaka vegna eftirlitsins og fyrirkomulag þess umhugsunarverð, þar sem að hluta til er ágreiningi vegna þess unnt að vísa til Fjármálaráðuneytis, þ.e. vegna aðgerða ársreikningaskrár. Ef ágreiningur er hins vegar um aðgerðir Fjármálaeftirlitsins þá fer um




slíkan ágreining eftir lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Þá er ekki heldur samræmi við ákvörðun á því hvaða refsimeðferðarleiðir eru valdar. Í lögum um tekjuskatt og eignarskatt kemur fram að málum vegna brota á ársreikningalögum sé vísað til skattrannsóknarstjóra ríkisins en það sama verður ekki ráðið af málarekstri eða athugasemdum sem vakna hjá Fjármálaeftirlitinu. Þannig yrði ekki samræmi á milli málsmeðferðar eftir því hvort eftirlit sé framkvæmt af Fjármálaeftirliti eða Ársreikningaskrá ríkisskattstjóra. M.ö.o. yrði ekki metið hlutlægt hvort mál ætti að sæta lokaðri stjórnáráðmeðferð á síðari stigum eða lögreglumeðferð, þar sem Fjármálaeftirlitið hefur einungis það úrræði að vísa málum til opinberrar meðferðar.

Nú er ársreikningaskrá rekin sem deild innan ríkisskattstjóra. Það eru býsna áleitn sjónarmið sem mæla með að greina ársreikningaskrá ásamt fyrirtækjaskrá frá annarri stjórnáráðmeðferð sem embætti ríkisskattstjóra hefur með höndum og skilja þar með á milli. Er það enda á vissan hátt óeðlilegt að sama stofnun, ríkisskattstjóri, eigi bæði að taka við ársreikningum til opinberrar birtingar, öllum opnir, og hins vegar að gæta mikillar leyndar um ársreikninga sem hluta af skattgögnum þegar embættið hefur málefni einstakra skattaðila til úrlausnar. Eðli máls samkvæmt virðist þetta vera ósamþýðanlegt þótt það hafi gengið um árabíl.

Í lokin vill skattrannsóknarstjóri ríkisins greina Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis frá hversu erfiðlega það gengur að fá aðila til að fylgja fyrirmælum um birtingu ársreikninga. Þau úrræði sem eru fyrir hendi hafa ekki reynst nægjanlega skilvirk. Öll mál sem send hafa verið til lögreglu vegna brota á lögum hafa dagað þar uppi ef frá er talið eitt mál þar sem sýknað var vegna skorts á viðhlítandi lagaheimild til að beita refsingu. Má ugglaust gera að því skóna að sennilega væru til árangursríkari aðferðir en að vísa máli til lögreglumeðferðar þegar ekki er saminn ársreikningur, svo sem að hlutafélag sé hreinlega leyst upp ef brot eru ítrekuð. Er því ekki úr vegi að ákvæði laganna um málsmeðferð þeirra verði tekin til endurskoðunar.

Virðingarfyllst,


Skúli Eggert Þorðarson

Alþingi
Erindi nr. Þ 131/1028
komudagur 9.3.2005



Samtök verslunar og þjónustu
Federation of Trade & Services

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

2.mars 2005

Efni: Frumvarp til laga um ársreikninga, 480.mál, EES-reglur, reikningsskila-
staðlar og frumvarp til laga um bókhald, 478.mál, ársreikningar o.fl.

SVP- Samtök verslunar og þjónustu hafa yfirfarið umrædd frumvörp og eins
borið þau undir kunnáttumenn á endurskoðunarsviði. Þetta hefur leitt til
þeirrar niðurstöðu að samtökin mæla ekki mót staðfestingu þeirra á Alþingi.

Virðingarfyllt,


Sigurður Jónsson framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. P 131/1019
komudagur 8.3.2005



VERSLUNARRÁÐ
ÍSLANDS

ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE
Stofnað 1917

SAMTÖK
VIÐSKIPTALÍFSINS

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t Stefáns Árna Auðólfssonar, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 21. febrúar 2005.

Efni: Frv. til l. um br. á l. nr. 144/1994 um ársreikninga (480. mál).

Verslunarráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp. Verslunarráð gerir ekki efnislegar athugasemdir við ákvæði frumvarpsins er lúta að reikningsskilaaðferðum. Verslunarráð gerir hins vegar athugasemd við ákvæði um eftirlit og eftirlitsgjald.

Samkvæmt g-lið 51. gr. frumvarpsins, og athugasemdum við hana, virðist sem ársreikningaskrá sé falið annað og meira hlutverk en hún hefur nú vegna eftirlits með gerð ársreikninga. Þó kemur það ekki skýrt fram með hvaða hætti ársreikningaskrá er ætlað að framfylgja þeirri eftirlitsskyldu sinni en þó er eftirlitsgjald ákveðið í h-lið sömu greinar.

Verslunarráð telur að heppilegt væri að hafa fyrirkomulag eftirlits óbreytt fyrst um sinn. Tvennt þarf að skoða áður en breytingar eru gerðar í þessum efnum. Annars vegar það hvort að aukið eftirlit sé nauðsynlegt, en af frumvarpinu að dæma eru þau rök ein færð fyrir auknu eftirliti að sú sé stefnan í ESB. Slík rök eru hins vegar ekki í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar um eftirlitsreglur hins opinbera. Hins vegar þarf einnig að skoða, telji menn aukið eftirlit nauðsynlegt, hvort að ársreikningaskrá sé í stakk búin til þess að taka að sér svo sérhæft eftirlit sem hér um ræðir.

Að öðru leyti telur Verslunarráð rétt að velja því fyrir sér hvort að ákvæði um eftirlitsgjald sé ekki því marki brennt að vera hrein skattheimta. Þó að Verslunarráð telji að þjónustugjöld af ýmsum toga séu heppilegri kostur en skattheimta þá virðist nú svo komið að endalausum auknum kröfum um eftirlit hvers konar er jafnan mætt með gjaldtöku á atvinnulífið og það þó að eftirlitinu sé ætlað að vera neytendum til hagsbóta.

Verslunarráð leggur til að h-liður 56. gr. falli niður.

Virðingarfyllst,
f.h. Verslunarráðs Íslands,


Sigríður A. Andersen.

Póstáritun:
Verslunarráð Íslands
Húsi verslunarinnar
Kringlan 7
103 Reykjavík

Sími: 510 7100
Bréfsími: 568 6564
Netfang: mottaka@chamber.is
Website: www.chamber.is